



SKOÐUN Steinunn Sigurðardóttir skrifar um skipulagðan glæp gagnvart náttúrunni. **18**



MENNING John Grant fær fullt hús fyrir útgáfutónleika sína hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. **26**



SPORT Gylfi Þór Sigurðsson er ánægður með lífið hjá Tottenham á Englandi. **28**

FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990**
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER
TÖLVU LISTINN
tl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
18. mars 2013
65. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Sterar í ræktinni

Lyfjaráð ÍSÍ vill auknar heimildir til eftirlits með steranotkun á líkamsræktarstöðvum. **2**

Landbúnaðurinn erfiðastur Áhugi er á aðkomu Íslands að fríværslunarsamningum milli ESB og Bandaríkjanna. Landbúnaður yrði erfiðasti málaflokkurinn. **6**

Gömul kynjapólitík Guðmundur Steingrímsson segir það skekkju gagnvart fjölskyldum að báðir foreldrar séu ekki skráðir foreldrar. **8**

Kostar að skoða lónið Breytingar verða gerðar á þjónustu Bláa lónsins. Nú þarf að bóka tíma til að komast ofan í. **10**



Bolungarvík	-1°	NA	4
Akureyri	-4°	NA	4
Egilsstaðir	-3°	N	5
Kirkjubæjarkl.	-1°	NA	5
Reykjavík	-1°	NA	5

Áfram bjart sunnan- og vestanlands en lítilsháttar el norðan og austan til. Strekkingur með SA-ströndinni annars fremur hægur vindur. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Kassakerfi | Fólk



Hundruð ólöglegra gististaða

Ferðþjónustan telur mörg hundruð ólögleg gistiþláss jafnan í útleigu á Íslandi. Ekki eru greiddir skattar af slíkri starfsemi sem skortir tilskilin leyfi. Forsvarsmenn segja hana hættulega og hvetja stjórnvöld til aðgerða.

FERÐAÞJÓNUSTA Forsvarsmenn ferðþjónustunnar telja að mörg hundruð ólöglegar íbúðir séu í útleigu til ferðamanna á Íslandi. Í flestum tilvikum eru ekki borgaðir skattar af starfseminni og þá eru dæmi um að fólk á atvinnuleysis-skrá hafi aflað sér tekna með þessum hætti án þess að gefa þær upp. „Þetta varðar samkeppni innan ferðþjónustunnar en ekki síður öryggismál þar sem Eldvarnaeftirlit og Heilbrigðiseftirlit er ekki búð að taka út þessi gistiþláss,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðþjónustunnar.

Fyrir tveimur árum létu Samtök ferðþjónustunnar kanna hve mörg ólögleg gistiþláss verið væri að leigja út. Leiddi könnunin í ljós

að leyfislausir gististaðir voru með meira gistiþláss en tvö stærstu hótél Reykjavíkur til samans. Þessum upplýsingum var komið áleiðis til stjórnvalda en að mati Ernu var ekki gengið nógu hart að þeim að sækja um gistileyfi.

Talið er að ólöglegum gistirýmum hafi þó fjölgað verulega á síðustu tveimur árum á sama tíma og ferðamönnum til Íslands hefur fjölgað um hartnær 40%. Hefur þeim á tímabilinu fjölgað úr 460 þúsund í 650 þúsund á ári sé einungis litið á ferðamenn sem fóru um Leifssstöð.

Þá bendir fátt til þess að lát verði á þessari fjölgun því fyrstu tveir mánuðir þessa árs slógu öll fjöldamet yfir ferðamenn í upphafi árs. Eins og fram kemur í Frétta-

blaðinu í dag gæti fjöldi erlendra ferðamanna rofið milljón manna múrinn árið 2015 haldi þeim áfram að fjölga á sama hraða.

Erna segir jákvætt að til sé fjölbreytt úrval af gistimöguleikum hér á landi. Hins vegar verði að fara fram á að þeir aðilar sem reki slíka þjónustu séu með tilskilin leyfi og taki þátt í íslensku þjóðfélagi. Þá segir Erna að verið sé að leigja út alls konar íbúðir í misjöfnu ástandi. Verði slys í einni þeirra geti það auk þess komið niður á allri ferðþjónustunni.

Fyrir stuttu kynnti vefsíðan airbnb.is sérstaklega þann möguleika að atvinnulaust ungt fólk leigi út íbúðir sínar til ferðamanna en á vefsíðunni eru mörg hundruð íbúðir auglýstar til leigu fyrir

Á heimasíðu **airbnb.is** eru um **600** gistiþláss og gerum við ráð fyrir því að meirihluti þeirra séu leyfislaus.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðþjónustunnar.

ferðamenn. Unnur Halldórsdóttir, formaður Ferðamálasamtaka Íslands, segir að komið hafi í ljós að nokkur hópur þeirra sem nýtt hafi síðuna sé á atvinnuleysis-skrá án þess að gefa upp leigutekjur. Loks segir Unnur að þessi ólöglega starfsemi komi niður á skattgreiðendum og hvetur stjórnvöld til þess að uppræta hana.

- hkg / sjá síðu 12



KÁTIR PRÍBURAR Fyrsta ferming ársins fór fram í Grafarvogskirkju í gær og þá voru Guðrún Þóra, Árni Theodór og Kristín Birta Atlabörn tekin í fullorðinna manna tölu. Þau voru himinlifandi með daginn, segir faðir þeirra Atla Þorvaldssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stór dagur í lífi systkina: Príburaferming í Grafarvogi

FÓLK Príburaarnir Guðrún Þóra, Árni Theodór og Kristín Birta Atlabörn voru tekin í fullorðinna manna tölu í gærmorgun er þau fermdu í Grafarvogskirkju.

Dagurinn stóð svo sannarlega undir væntingum fyrir fermingarbörnin enda lék veðrið við þau.

„Við höldum 100 manna veislu sem heppnaðist svakalega vel og allir í skýjunum með daginn,“ segir Atli Þorvaldsson, faðir systkinanna, og segir kvöldið hafa farið í að opna gjafirnar sem systkinin fengu. Hann miklar ekki fyrir að halda þessum prefeldum hætti.

„Við erum orðin svo von því að halda alla svona hátíðisdaga með þreföldum hætti.“

Guðrún og Kristín eru nemandur í áttunda bekk við sameinaðan Víkurskóla og Kelduskóla. Árni stundar hins vegar nám við Klettaskóla en hann fæddist með CP, heilalömun.

- áþ

Yngstu kjósendurnir styðja Framsóknarflokk síður en þeir sem eldri eru: Píratar vinsælli hjá ungu fólki

KÖNNUN Nokkur munur er á afstöðu yngstu kjósendanna í þingkosningunum í vor og þeirra sem eldri eru. Þannig eru yngri kjósendur hrifnari en þeir eldri af Pírötum, Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki en síður hrifnir af Framsóknarflokknum. Þetta leiðir ný skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í ljós.

Í könnuninni var hugur þeirra, sem nú hafa í fyrsta sinn kosningarétt í þingkosningum, kannaður sérstaklega. Kemur í ljós að Píratar mælast með 6,9% fylgi hjá þessum hópi og fengu fimm þingmenn fengi unga fólk að ráða. Píratar mælast hins vegar einungis með 1,8% fylgi meðal allra kjósenda.

Þá mælast Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin með meira fylgi

meðal ungs fólks en meðal allra kjósenda. Um 32,3% yngstu kjósendanna styðja Sjálfstæðisflokkinn borið saman við 27,6% fylgi flokksins meðal allra kjósenda. Þá styðja 17,6% yngstu kjósendanna Samfylkinguna samanboreð við 13,8% allra kjósenda.

Framsóknarflokkurinn er aftur á móti óvinsælli hjá yngri kjósendum en þeim eldri. Nýtur flokkurinn 31,9% stuðnings hjá öllum kjósendum en 17,8% stuðnings meðal þeirra yngstu.

Almennt gefa yngstu kjósendurnir síður upp afstöðu sína en þeir eldri. Aðeins 45,6% þeirra yngstu sem rætt var við vegna könnunarinnar tóku afstöðu en sé litið til allra aldurshópa tóku 60% afstöðu.

- bj, mþl / sjá síðu 4



54,4%

ungu fólks sem rætt var við vegna könnunarinnar tóku ekki afstöðu til stjórn mála flokkanna.

Láttu þér líða betur

Actavis

Nýtt kortatímabil
KRINGLUKAST
20-50% AFSLÁTTUR
Síðasti dagurinn
OPIÐ TIL 18.30

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

SPURNING DAGSINS



Dagur, er ekki gott að hafa náð að lenda þessu máli?

„Já, þessi mál hafa verið svolítið upp í loft en eru vonandi að komast á beinu brautina.“

Reykjavíkurborg gekk fyrir helgi frá kaupum á landi ríkisins í Skerjafirði, þar sem nú er fyrir hin svokallaða þriðja flugbraut.

Landsbankinn bíður eftir dómi til að greiða út ofteknar greiðslur vegna lána:

Ekki byrjaður að reikna bílalán

EFNAHAGSMÁL Landsbankinn er ekki byrjaður að endurreikna gengistryggð bílalán. Á sama tíma er Íslandsbanki búinn að endurreikna um sex þúsund af sínum ríflega 15 þúsund bílalánum og byrjaði í febrúar að greiða fólk út það sem hugsanlega hefur verið oftekið.

Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Landsbankans, bíða menn þar enn eftir Hæstaréttardómi í máli SP fjármögnunar gegn Plastiðjunni. Héraðsdómur í því máli gekk 23. nóvember.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að SP fjármögnun bæri ekki að endurreikna bílalán þar sem upphæðin sem um var deilt gæti ekki talist umtalsverð – sem hafi verið meðal forsendna fyrir endurútreikningi í öðrum dómum Hæstaréttar.

Guðný Helga Herberthsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir að útgreiðslur oftekinna greiðslna hafi hafist í febrúar og í lok þessarar viku verði búið að greiða út það sem var oftekið af 6.000 lánnum. -sh



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Í höfuðstöðvum Landsbankans bíða menn enn eftir Hæstaréttardómi í máli Plastiðjunnar.

Bankakrísa á Kýpur: Neyðarástand ríkir á Kýpur

NÍKÓSÍA, AP Nicos Anastasiades, forseti Kýpur, sagði neyðarástand ríkja í landinu í sjónvarpsávarpi í gærkvöldi. Sagði hann að sá efnahagsleg vandi sem að landinu steðjaði væri alvarlegasta ógn við það frá því að Tyrkir gerðu innrás á eyjuna árið 1974.

Þá tilkynnti Anastasiades að hann hygðist reyna að ná fram breytingum á skilmálum björgunarpakkans sem Evrópusambandið hefur sett saman vegna bankakrísunnar í landinu. -mpj



CHICAGO Á LAUGARDAG Venja er að lita Chicago-ána græna á degi heilags Patreks. Þar sem hann bar upp á sunnudegi í ár var þetta hins vegar gert deginum áður að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

250 þúsund manns fylgdust með skruðgöngu í Dublin:

Degi heilags Patreks víða fagnað

MENNING Milljónir um allan heim fögnuðu ákaft degi heilags Patreks í gær, 17. mars. Heilagur Patrekur er verndardýrningur Íra og eru hátíðahöld vegna dagsins mest á Írlandi, þar sem hann er þjóðhátíðardagur, og í Bandaríkjunum og Kanada þar sem tugir milljóna rekja ættir sínar til írskra innflytjenda.

Á degi heilags Patreks er þess minnst hvernig heilagur Patrekur kristnaði Írland. Í seinni tíð hefur menning og saga Írlands hins vegar tvíunnast æ meir inn í hátíðahöldin sem einkennast jafnan af grænum lit, smárum og írskum drykkjum svo eitthvað sé nefnt. -mpj

LÖGREGLUMÁL

Fótbrotnaði á Austurvelli

Kona missteig sig á Austurvelli rétt fyrir klukkan eitt aðfaranótt sunnudags en ekki fór betur en svo að hún fótbrotnaði. Sjúkrabíll var kallaður á staðinn og hún flutt á spítala til aðhlyningar.

Rotaðist í miðbænum

Starfsmaður veitingahúss í miðbænum tilkynnti lögreglu um mann sem hafði fallið ölvæður í götuna og líklega rotast við fallið. Hann var fluttur á slysadeild.

Fór ekki að fyrirmælum

Ölvæður maður var handtekinn í Kópavogi um helgina þar sem hann fór ekki að fyrirmælum lögreglu. Hann var vistaður í fangageymslu. Þá voru tveir til viðbótar handteknir þar í bæ grunaðir um að hafa unnið skemmdir á bílum.

Bresk skólabörn á netinu:

Breytt hegðun eftir klámahorf

BRETLAND Aðgengi breskra grunnskólanemanda að klámi á netinu er farið að hafa alvarleg áhrif á hegðun þeirra og hugmyndir um sambönd samkvæmt fréttaskýringu breska dagblaðsins Daily Telegraph. Kennarar telja vandamálið orðið svo alvarlegt að þeir vilja sérstaka stefnumörkun í skólakerfinu til þess að takast á við vandamálið.

Meðal birtingarmynda þess er að þrýst er á grunnskólastúlkur að senda myndir af sér fáklæddum til samnemanda í gegnum far-síma.

Vill aukið eftirlit með ólöglegri steranotkun

Lyfjaráð ÍSÍ vill auknar heimildir til eftirlits inni á líkamsræktarstöðvum. Vonast til að setja á laggirnar sjálfstæða stofnun. Segja óbreytt ástand muni leiða til aukinnar notkunar. Auðvelt að nálgast ólöglega stera á líkamsræktarstöðvum.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjaeftirlit Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, (ÍSÍ), hefur ekki heimild til að sinna eftirliti með notkun ólöglegra stera inni á líkamsræktarstöðvum.

Notkun stera hér á landi hefur aukist til muna á síðustu árum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lyfjanotkun á meðal þjálfara víðtækt vandamál og auðvelt er að nálgast stera til kaups inni á líkamsræktarstöðvum.

„Okkar yfirráð er bara með þeim íþróttageirum sem falla undir sambandið. Það á sömuleiðis við okkar fræðslustarf, þannig að okkar fræðslu- og forvarnarstarf miðast við þá iðkendur sem þar eru. Við höfum hins vegar haft mjög miklar áhyggjur af ástandinu,“ segir Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs ÍSÍ.

Sambandið hafi ekki aðgang að líkamsræktarstöðvum og því geti starfsmenn þess ekki stundað eftirlit eða fræðslu inni á þeim.

Skúli segir að lítið sé sérstaklega til Danmerkur og Noregs sem fyrirmynda hvað varðar eftirlit með ólöglegri steraneyslu en þar eru líkamsræktarstöðvar skyldaðar til að merkja hvort þær séu með lyfjaeftirlit eða ekki. Einnig skrifa viðskiptavinir undir samning við kaup á líkamsræktarkorti þar sem þeir samþykkja að gangast undir lyfjapróf ef grunur kemur upp um misnotkun lyfja. Auk þess verða allir starfsmenn að samþykkja óundirbúin lyfjapróf.

„Þetta kerfi höfum við mjög mikinn áhuga á að taka upp. Aðalvandamálið er að kostnaðurinn við þetta fellur þá á stöðvarnar og þær kannski bera það fyrir sig að



Í RÆKTINI Notkun stera hefur færst í vöxt á meðal þeirra sem stunda líkamsrækt.

Sjálfsagnarstofnun með skýrt hlutverk

Lyfjaeftirlitsstofnun Danmerkur, Anti Doping Danmark (ADD), er sjálfsagnarstofnun sem var sett á laggirnar í byrjun árs 2005 með lögum sem áttu að vinna gegn lyfjanotkun í íþróttum. ADD heyrir undir menningarráðuneytið.

Umrádd lög skilgreindu hlutverk stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar í baráttunni gegn neyslu ólöglegra lyfja við íþróttaiðkun sem og á líkamsræktarstöðvum í Danmörku.

Starf ADD felst meðal annars í:

- Lyfjaeftirliti.
- Upplýsingagjöf.
- Rannsóknum og þróunarstarfi tengdu baráttunni gegn lyfjanotkun.
- Þátttöku í alþjóðlegu samstarfi gegn notkun ólöglegra lyfja í íþróttum.
- Ráðgjöf og liðsinni til opinberra aðila tengt starfssviði ADD.

(Af vef ADD)

þetta sé mjög dýrt. Danirnir hafa sett þetta mjög skemmtilega upp og þetta hefur aukið aðsóknina hjá þeim stöðvum sem eru með eftirlit.“

Að sögn Skúla er búið að vinna grunnvinnu varðandi það að breyta núverandi skipulagi úr því að lyfjaeftirlitið sé stofnun undir ÍSÍ í það að vera sjálfstæð stofnun með skipaða stjórn frá ÍSÍ og menntamála-

ráðuneytinu á sama hátt og er í Danmörku og Noregi. Það er von Skúla að hún verði komin á laggirnar fyrir árslok. „Það myndi veita okkur meiri möguleika á að vinna með líkamsræktarstöðvunum en einnig með tollinum, fangelsunum og lögreglunni í að stunda forvarnarstarf og sinna eftirliti úti í samfélaginu.“

hanna@frettabladid.is

Sextán og sautján ára piltar dæmdir í eins árs fangelsi hið minnsta:

Nauðguðu sextán ára skólasystur

OHIO, AP Trent Mays, sautján ára, og Ma'lik Richmond, sextán ára, voru í gær dæmdir í eins árs fangelsi hið minnsta fyrir að nauðga 16 ára skólasystur sinni í bænum Steubenville í Ohio í Bandaríkjunum í ágúst síðastliðnum. Málið hefur vakið mikla athygli en piltarnir dreifðu myndböndum af glæpum á netinu.

Piltarnir þurfa að afplána eitt ár hið minnsta í unglingafangelsi en Mays þarf auk þess að afplána eitt ár í venjulegu fangelsi sökum myndanna sem hann dreifði. Piltarnir nýttu sér bágt ástand stúlkunnar, sem drakk of mikið kvöldið sem glæpurinn var framinn og man ekki nema brot af atburðum næturinnar.

Þeir fóru með hana milli teita í bænum og beittu hana kynferðislegu ofbeldi sem þeir mynduðu og dreifðu svo milli vana sinna á samskiptavefjum Instagram og Youtube.

Báðir viðurkenndu þeir brot sín en helstu sönnunargögnin í málinu voru smáskilaboð sem strákarnir sendu til fórnarlambsinns og vana þeirra í bænum. Bæjarbúar hafa verið gagnrýndir fyrir að standa frekar með piltunum í málinu en þeir eru aðalhetjurnar í fótboltaíði bæjarins.



VIÐURKENNDU BROT SÍN Þeir Trent Mays og Ma'lik Richmond voru niðurlátir er dómurinn var kveðinn upp í gær.

Heyrðu mig nú!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

BÍÓKORT FYLGIR ÖLLUM SAMSUNG HJÁ NOVA!



Biokort Nova 5 X í biól!

3.790 kr.

Fullt verð: **6.250 kr.**



500 kr.
notkun á mán.
í 3 mánuði og
Biokort
fylgir!

Samsung Galaxy Ace 2

54.990 kr. stgr.

4.990 kr. á mán. í 12 mán.



1.000 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði og
Biokort
fylgir!

Samsung Galaxy S III

114.990 kr. stgr.

6.990 kr. á mán. í 18 mán.



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði og
Biokort
fylgir!

Samsung Galaxy S II

74.990 kr. stgr.

4.590 kr. á mán. í 18 mán.




500 kr.
notkun á mán.
í 3 mánuði og
Biokort
fylgir!

Samsung Galaxy Mini 2

32.990 kr. stgr.

2.890 kr. á mán. í 12 mán.



Nýtt hjá Nova!

Happyplugs heyrnartól

3.990 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GENGIÐ
15.03.2013

	Bandaríkjadalur	124,56	125,16
	Sterlingspund	188,79	189,71
	Evra	162,66	163,58
	Dönsk króna	21,808	21,936
	Norsk króna	21,528	21,654
	Sænsk króna	19,453	19,567
	Japanskt jen	1,2951	1,3027
	SDR	187,57	188,69

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,9948

Fimm karlmenn játuðu að hafa nauðgað svissneskri konu í Madhya Pradesh á föstudag:

Enn ein hópnauðgun á Indlandi veldur reiði

NÝJA DELÍ, AP Lögreglan í Nýju-Delí á Indlandi handtók í gær fimm karlmenn sem grunaðir eru um að hafa nauðgað svissneskri konu þar í landi á föstudag. Menirnir játuðu í kjölfarið að hafa nauðgað konunni sem var í fríi á Indlandi ásamt eiginmanni sínum.

Að sögn lögreglu átti árásin sér stað í skógi í Datia sem er hérað í fylkinu Madhya Pradesh á miðju Indlandi. Svissneska parið hafði verið á hjólaferðalagi um svæðið en mennirnir fimm eru búsettir í nærliggjandi þorpi. Tveggja annarra er enn leitað í tengslum við árásina.

Parið sagði lögreglu að konunni hefði verið nauðgað af sjö eða átta karlmonnum sem hefðu

einnig barið manninn. Árásin átti sér hins vegar stað í skjóli nætur og var parið því ekki alveg vissu um fjölda árásarmanna. Konunni var komið á sjúkrahús í borginni Gwalior í kjölfar árásarinnar en var útskrifuð sama dag.

Einungis þrjú mánuðir eru síðan hópur manna réðst á og nauðgaði indverskri konu í strætisvagni í Nýju-Delí. Lést konan af sárnum sínum en málið vakti upp alþjóðlega reiðibylgju og leiddi til þess að indverska ríkisstjórnin setti lög sem stuðla eiga að verndun kvenna.

Í kjölfar árásarinnar á föstudag safnaðist fólk saman í mörgum borgum á Indlandi og mótmælti ofbeldi gegn konum.



BHUPANESWAR Á LAUGARDAG Fólk safnaðist víða saman á Indlandi á laugardag til að mótmæla ofbeldi gegn konum.



FRANS PÁFI Hann fjallaði um mikilvægi fyrirgefningarinnar í messunni í gær.

Fjölmenni hlýddi á messu: Fyrirgefningin hugleikin páfa

RÓM Um hundrað þúsund manns hlýddu á fyrstu sunnudagsmessu Frans páfa á Péturstorgi í Vatikaninu í gær. Páfinn þótti líttillátur og alþýðlegur í tali.

Áður en páfinn messaði yfir fjölmenninu á Péturstorgi stóð hann fyrir messu í líttilli kirkju í Páfagarði. Eftir messuna stóð hann við útidyráhröðina og kvaddi alla með handabandi og bað þá um að biðja fyrir sér. Þetta þykir meðal annars til marks um líttillæti hins nýkjörna páfa sem er frá Argentínu.

Páfinn fjallaði um mikilvægi fyrirgefningarinnar í messu sinni á Péturstorgi. Þá gagnrýndi hann að trúarbrögðum væri beitt til þess að kúga aðra.

LANDHELGISGÆSLAN

Leit yfir Vatnajökli

Flugvél og þyrla Landhelgisgæslunnar voru kallaðar út til leitar á laugardagskvöldið eftir að tilkynning barst um neyðarblys yfir Vatnajökli. Einnig voru björgunarsveitir Slysavarnarfélagssins Landsbjargar kallaðar út. Leitað var á milli Jökulheima, Grímsfjalls og með hitamyndavél við Tungnársvæði. Leit var hætt í samráði við svæðisstjórn en ekkert fannst og engin skýring á neyðarþyrlinu.

Ungt fólk vill Pírata á þing

Píratar næðu fimm mönnum á þing fengju einungis þeir sem nú fá í fyrsta sinn að kjósa í þingkosningum að ráða, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Atkvæði ungs fólks falla talsvert öðruvísi en eldri kjósenda.

2013

Ungir kjósendur virðast hrifnari af Pírötum, Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki en þeir sem eldri eru, en minna ginnkeyptir fyrir Framsóknarflokknum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Fréttablaðið kannaði sérstaklega hug þeirra sem nú hafa í fyrsta skipti aldur til að kjósa í alþingiskosningum. Óhætt er að segja að atkvæði þeirra dreifist talsvert öðruvísi en kjósenda almennt. Almennt gefa þeir síður upp afstöðu sína, aðeins 45,6 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni tóku afstöðu til einhvers framboðs, samanborið við nærri 60 prósent í könnun á huga kjósenda á öllum aldri.


Fengju ungu kjósendurnir að ráða kæmust tveir nýir flokkar á þing. Píratar mælast með 6,9 prósentu stuðning í þessum hópi og fengu fimm þingmenn fengi unga fólk að ráða. Björt framtíð nýtur stuðnings 9,1 prósent í þessum hópi. Það er sami stuðningur og í könnun á fylgi flokka hjá öllum aldurshópum, sem bendir til þess að ungt fólk styðji ekki flokkinn í meiri mæli en þeir sem eldri eru.

Ungir kjósendur virðast ekkert ginnkeyptari fyrir öðrum af nýju framboðunum en þeir sem eldri eru. Þannig nefna alls átta prósent unga fólksins önnur ný framboð en Pírata og Bjarta framtíð, svipað hlutfall og hjá kjósendum öllum.

Stuðningur við þá flokka sem mynda fjórflokkinn er talsvert öðruvísi hjá nýju kjósendunum en þeim eldri. Stuðningur við Framsóknarflokkinn er til að mynda nærri helmingi lægri, 17,8 prósent en ekki 31,9 prósent eins og hjá öllum kjósendum.

Stuðningur við stjórnmálaflokka

Samanburður á því sem nýir kjósendur og kjósendur almennt myndu kjósa samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2



Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 13. og 14. mars 2013.

Fleiri styðja Sjálfstæðisflokkinn í hópi nýrra kjósenda, 32,3 prósent samanborið við 27,6 prósent hjá kjósendum öllum. Fleiri styðja einnig Samfylkinguna, 17,6 prósent samanborið við 13,8 prósent hjá öllum kjósendum.

Úrtakið í könnuninni meðal nýrra kjósenda var 792 manns en hringt var þar til náðist í 500 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 13. mars og fimmtudaginn 14. mars. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista mynd-

ir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 45,6 prósent þátttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR Píratar virðast höfða vel til unga fólksins samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

SIEMENS

Ryksuga VS 59E20

2200 W. Sjálfinndregin snúra. 3,5 lítra poki. Vinnuradius: 8 metrar.

Tækifærisverð:
15.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 22.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

DREGUR ÚR FROSTI og líklega verður frostlaust sunnanlands seinni part vikunnar. Á morgun bætir í vind um mest allt land og má búast við vaxandi snjókomu norðanlands þegar líður á daginn.

Alicante 21°	Berlín 2°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 23°	New York 3°	París 9°
Apbena 12°	Billund 1°	Gautaborg 0°	London 7°	Orlando 28°	San Francisco 17°
Basel 4°	Frankfurt 6°	Kaupmannahöfn 0°	Mallorca 18°	Ósló -1°	Stokkhólmur -1°

Á morgun Strekkingur víða um land. Hversir síðdegis.

Miðvikudagur Hvasst á V-fjörðum og strekkingur V-lands annars hægari.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Enn öflugri starfsemi á Íslandi

Actavis er eitt stærsta hátækni-fyrirtæki á Íslandi og hefur starfað hér samfleytt frá árinu 1956, þegar Pharmaco var stofnað í Reykjavík.

Starfsmenn Actavis á Íslandi eru tæplega 800 og með ólíkan bakgrunn. Ríflega helmingur er háskóla-menntaður og fjölmargir eru iðnmenntaðir. Konur eru rúmlega 60% starfsmanna og svipað hlutfall kvenna er í stjórnunarstöðum.

Fyrirtækið stefnir að því að efla enn starfsemi sína hér á landi, halda áfram öflugum stuðningi við ýmis samfélagsverkefni og jákvæðri þátttöku í þjóðlífinu.

Áfram Actavis

undir nýju merki



Actavis

Öflugri starfsemi undir nýju merki

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að endurhönnun merkis og ásýndar Actavis eftir sameiningu fyrirtækisins við Watson Pharmaceuticals. Nýja merkið byggist á gormlaga DNA-keðju, en út úr því má einnig lesa bókstafina W fyrir Watson og A fyrir Actavis sem minnir á uppruna hins nýja fyrirtækis.

Þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtækið

Með sameiningunni varð til gríðarlega öflugt fyrirtæki með um sautján þúsund starfsmenn og starfsemi í yfir sextíu löndum. Actavis starfrækir þrjátíu verksmiðjur og sautján rannsóknar- og þróunarsetur. Fyrirtækið er það þriðja stærsta í heimi á samheitalyfjamarkaðnum.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver mun í apríl taka við sem nýr formaður VR?
2. Hvar hefur neysla á keyptum frosnum berjum komið af stað lífrar-bólguferaldri?
3. Hvaða íslenska draugakvikmynd verður frumsýnd í dymbilviku síðar í mánuðinum?

SVÖR:
1. Ólafía B. Rafnsdóttir 2. Danmörku 3. Ofteigur gengur aftur.

Rithöfundur gagnrýnir kínverska þjóðþingið sem samþykkti nýjan forseta og forsætisráðherra:

„Kosningin er gersamlega tilgangslaus“

KÍNA, AP „Hlutverk okkar er að lyfta upp höndum,“ segir Han Deyun, einn af þrjú þúsund þingmönnum á kínverska þjóðþinginu sem kom saman á dögnum í tvær vikur eins og það gerir árlega.

Þingmennirnir samþykktu einróma í síðustu viku tillögur flokksþings kínverska Kommúnistaflokksins frá því í haust um að Xi Jinping verði forseti Kína og Li Keqiang forsætisráðherra. Tóku þeir Xi og Li í kjölfarið formlega við embættunum.

Niðurstaðan hefur legið fyrir frá því í nóvember þegar Xi var kosinn aðalritari Kommúnistaflokksins.

Forsetakjörið fór þannig fram að allir þingmennirnir fengu í hendur kjörseðil, þar sem á stóð eitt nafn: Xi Jinping. Þeir settu þennan seðil í kjörkassa án þess að þurfa svo mikið sem krossa við nafnið.

„Kosning fulltrúa þjóðþingsins er gersamlega tilgangslaus,“ segir kínverski rithöfundurinn Murong Xuecun. „Ef þrjú þúsund vélar kæmu í staðinn fyrir þá, yrði útkoman sú sama. Í þessu efni hefur viljafrelsi þessara fulltrúa verið tekið frá þeim.“

Þinghaldinu lauk á laugardag og verður næsti fundur kínverska þjóðþingsins að ári liðnu.



NÝJU LEIÐTOGARNIR Xi Jinping forseti og Li Keqiang forsætisráðherra á þingi. NORDICPHOTOS/AFP


HAFBERG

fiskbúð sælkerans

MÁNUDAGSTILBOÐ

ÝSUFLÖK 1490 KR/KG
PLOKKFISKUR 1490 KR/KG
FISKIBOLLUR 990 KR/KG
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



Andaðu með nefinu

Otrivin

Loft innan fárra mínútna
 Illmur af mentól og eukalyptus

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snyttu þér. Fjarlægðu gleiru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghorngláu. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, nærur fyrir adreinvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðaköklu, slagæðargúlp, blóðþappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Landbúnaður verði erfiðasti hjallinn

Áhugi er á aðkomu Íslands að fríverslunarsamningum milli ESB og Bandaríkjanna. Óvíst er hvort farið verði fram á vettvangi EFTA eða hvort Ísland fari eitt fram. Miklir hagsmunir taldir vera í húfi. Fyrri málaleitanir hafa strandað á landbúnaði.

FRÉTTASKÝRING
Fríverslunarsamningur milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Miklir hagsmunir gætu verið í húfi fyrir Ísland að fá aðild að fyrirhuguðum fríverslunarsamningi milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Óráðið er þó hvort Ísland muni beita sér með hinum EFTA-ríkjunum eða upp á eigin spýtur í tvíhliða viðræðum. Umleitanir milli Bandaríkjanna og Íslands hafa hingað til strandað á kröfum um frjálsan aðgang fyrir landbúnaðarvörur, sem verður vísast líka erfiðasti hjallinn ef til þess kemur.

Áhugi er á málinu bæði innan stjórnsýslunnar og atvinnulífsins hér á landi. „Við sjáum mikil tækifæri í þessu og Bandaríkin eru gríðarlega mikilvægur markaður fyrir Ísland,“ segir Birkir Hólm Guðnason, formaður Amerísk-íslenska verslunarráðsins.

Áður strandað á landbúnaði

Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra í utanríkisráðuneytinu og sérfræðingur í alþjóðaviðskiptasamningum, segir vinnu þegar hafna í ráðuneytinu vegna fyrirhugaðra viðræðna ESB og Bandaríkjanna, annars vegar um möguleg áhrif samnings á EES-samninginn og hins vegar á viðskipti milli Íslands og Bandaríkjanna.

Ísland á aðild að innri markaði ESB í gegnum EES-samninginn og innan hans er mikill meirihluti millilandaviðskipta. Þangað fóru til að mynda 82,7% af útflutningi Íslands árið 2011 og rúm 60% innflutnings komu þaðan. Tæp 11% af

innfluttri vöru komu frá Bandaríkjunum og þangað fóru 3,7% útflutnings.

Fríverslunarsamningar milli Íslands og Bandaríkjanna hafa verið til umræðu áður án þess að nokkuð hafi orðið úr því.

Í fyrra skiptið, árið 1994, létu stjórnvöld kanna kosti og galla þess að sækja um aðild að fríverslunarsambandi Norður-Ameríku (NAFTA) en niðurstaðan varð sú að fyrir séðar kröfur Bandaríkjanna um óheftan aðgang landbúnaðarværu gerðu samkomulag ófýsilegt. Árið 2004 höfðu Bandaríkjamenn svo samband við EFTA-ríkin varðandi fríverslunarsamning þar sem EFTA var á þeim tíma að semja um fríverslun við Kanada og Mexíkó, hin tvö löndin í NAFTA. Ekkert varð þó úr því, enda ekki talið líklegt að þar yrði slegið af kröfum í landbúnaðarmálum.

Með EFTA-ríkjum eða ein á báti?

Íslensk stjórnvöld eru nú að vinna að málinu af fullum krafti þar sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ræddi málið meðal annars við hinn bandaríska starfsbróður sinn, John Kerry, á dögnum. Lýsti hann þar yfir áhuga Íslands á að tengjast þessu ferli með einhverjum hætti. Bréfið var svo einnig til umræðu á fundi EFTA um fríverslunarmál á fimmtudaginn var þar sem heimildir Fréttablaðsins herma að Noregur og Sviss séu, líkt og Ísland, afar meðvitúð um mikilvægi þessara viðræðna og möguleg áhrif samnings, ef af verður, á framtíðarstöðu þeirra landa sem koma til með að standa utan við hann.

Bergdís segir að enn liggi ekki fyrir hvernig Ísland hyggist nálgast ferlið. „Það eigum við eftir að útfæra í samráði við önnur EFTA-ríki og að sjálfsgöngu í viðræðum við Bandaríkinn. Hvort við tengjumst ferlinu eða förum sjálf í viðræður á eftir að koma í ljós.“

Vilja semja fyrir árslok 2014

Viðskiptaflæði milli Bandaríkjanna og ESB er gríðarlega umsvifamikil og námu árið 2011 um tveimur milljörðum evra á dag, jafngildi 328 milljarða króna, sem er tæpur þriðjungur viðskipta á heimsvísu.

Í nýttgefinni skýrslu sem var gerð fyrir ESB, kemur fram að verði af samningi muni ávinningur aðilanna verða um 30.000 milljarðar króna samtals á ári komist hann að fullu til framkvæmda.

Fríverslunarsamningar fela jafnan í sér afnám verndartolla en í tilfelli Bandaríkjanna og ESB eru tollar ekki aðalatriðið, heldur aðlögun reglugerða og staðla og fleiri slíkir tálmar, en slíkt er talið standa fyrir um 80% af kostnaði við viðskipti milli hagkerfanna.

Miklar væntingar eru bundnar við mögulegan samning, bæði í Bandaríkjunum og í ríkjum ESB, en viðbúið er að erfið geti reynst að ná saman um mörg atriði. Þar á meðal er landbúnaður, en skiptar skoðanir og misjafnar reglur eru til dæmis um ágæti erfðabreyttra matvæla og kjöts af dýrum sem hafa fengið hormónabætt fóður.

Formlegar viðræður hefjast um miðjan júní og er stefnt að því að ljúka samningi fyrir árslok 2014.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn einbeita.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Sportlegur að framan
með 100 hjóðlát hestöfl
undir húddinu.

Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.



Mig langar í
svona.

ahh ... útblásturinn
aðeins 79g/km

Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósinn stoppa og stara á hann renna hjóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðdáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hjóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútbæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.610.000 kr.

3,5l
/100km
SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!
Allt að 80% lánamöguleikar

Gerðu góð kaup fyrir páska!



Rnr. 130386

FORD GALAXY TREND
Nýskr. 06/11, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.490.000

TILBOÐSVERÐ!
3.990 þús.



Rnr. 130345

TOYOTA LAND CRUISER 120 VX
Nýskr. 03/08, ekinn 101 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.690.000
TILBOÐ kr. 4.990 þús.



Rnr. 190494

BMW X5
Nýskr. 08/07 ekinn 71 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 6.950.000
TILBOÐ kr. 5.980 þús.



Rnr. 190612

TOYOTA AVENSIS WAGON SOL
Nýskr. 07/11, ekinn 11 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.490.000
TILBOÐ kr. 3.990 þús.



Rnr. 140136

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.980.000
TILBOÐ kr. 3.980 þús.



Rnr. 151554

SSANGYONG KYRON
Nýskr. 09/09, ekinn 138 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.590.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.



Rnr. 200905

HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 03/10, ekinn 48 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.480.000
TILBOÐ kr. 2.790 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Skráning foreldra er gömul kynjapólitík

Formaður Bjartrar framtíðar segir skráningarkerfi hins opinbera úrelt. Það skekki alla pólitík gagnvart fjölskyldum að margir eru ekki skráðir sem foreldrar.

JAFNRÉTTISMÁL „Kerfið gerir ráð fyrir því að eftir skilnað þá fari barnið bara til mömmu sinnar og pabbinn fari bara og kaupi sér sportbíl, eigi ekki barn lengur og borgi bara meðlag samkvæmt opinberum gögnum. Það eru skilaboðin,“ segir Guðmundur Steingrímsson alþingismaður sem hefur lagt fram tvær þingsályktunartillögur sem gera ráð fyrir breytingum á lögum er varða búsetu skilnaðarbarna.

Önnur tillagan hefur fengið jákvæða umsögn úr velferðarnefnd og segist Guðmundur ætla að beita sér sérstaklega fyrir því að hún fari í gegnum núverandi þing. Í henni segir að innanríkisráðherra skuli stofna starfshóp sem myndi semja frumvarp um annað hvort tvöfalt lögheimili barna eða búa til nýtt lagalegt hugtak um jafna búsetu. Hin tillagan fjallar



ÚRELT KERFI
Guðmundur Steingrímsson segir núverandi skráningarkerfi skekkja mjög þá fjölskyldumynd sem sé við lýði í dag og kallar það arf frá gömlum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um breytingar á skráningarkerfi hins opinbera þannig að báðir umgengnisforeldrar verði skráðir sem foreldrar.

„Það skekkir mjög alla pólitík gagnvart fjölskyldum og börnum að það eru bara lögheimilisforeldrar sem eru skráðir foreldr-

ar barna en ekki umgengnisforeldrar,“ segir Guðmundur. „Stórir hópar fólks sem hafa börnin sín lungann úr árinu eru bara ekki skráðir foreldrar þeirra og njóta þá ekki stuðnings sem slíkir. Þetta er arfur frá gömlum tíma, gamaldags kynjapólitík.“ sunna@frettabladid.is

Á AÐ VEITA MÖGULEIKA Á TVEIMUR LÖGHEIMILUM?

Í skýrslu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum sem gerð var fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2009 koma fram mismunandi sjónarmið varðandi breytingar á lögum er varða tvöfalt lögheimili skilnaðarbarna.

JAFNAR STÖÐU BARNAS OG FORELDRA

- Foreldrar kjósa oft jafna umgengni og það þýðir í raun tvöfalda búsetu.
- Tvö lögheimili myndu jafna stöðu barnsins til beggja foreldra og jafna stöðu foreldranna eða rétt þeirra til opinberrar aðstoðar.
- Það myndi því auka jafnvægi foreldranna í tekjuhæfi og einkalífi.
- Unnt er að draga úr óvissu um réttaráhrif þessa með því að setja sem skilyrði að bæði lögheimili verði að vera í sama sveitarfélagi og sama eða samliggjandi skólahverfi.

„Töluverð réttindi fylgja lögheimilisskráningu og ef foreldrar búa í sama sveitarfélagi og skólahverfi ætti að vera hægt að skrá það á tveimur stöðum. Þannig ætti að vera hægt að umbuna foreldrum fyrir að taka þessa sameiginlegu ábyrgð,“ segir Heimir Hilmarsson, varaformaður Félags um foreldrajafnrétti.

EITT HEIMILI TRYGGIR STÖÐUGLEIKA

- Föst búseta tryggir betur stöðugleika í lífi barnsins, samfellu í reglum og betra eftirlit með því.
- Tvöfalt lögheimili tryggir ekki nálægð foreldra
- Mikil réttaráhrif fyrir dómstólum eru bundin við heimilisföng
- Erfitt að tryggja einungis eitt lögheimili eftir að barn nær 18 ára aldri
- Breyta má reglum um stuðning ríkisins án þess að gera ráð fyrir tveimur lögheimilum

„Af tæknilegum ástæðum er ekki mögulegt að bæta við skráningarsvæðum í þjóðskrá en slíkt væri nauðsynlegt ef ákveðið yrði að heimila börnum að hafa tvö lögheimili eða ef þess yrði krafist að einhverskonar jafnt búsetuform barna yrði sýnilegt með ákveðnum hætti í þjóðskrá,“ segir í umsögn Þjóðskrár við þingsályktunartillögu um tvöfalt lögheimili.



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2013

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 18. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 24. janúar 2013

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



live.is

Einfalt að skila framtali

Skilafrestur er til **21. mars**



■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 3. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

■ Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 2. og 3. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

Fjöldi fólks hefur kvartað yfir óboðnum texta í innlendum þáttum: Afruglari ruglar texta hjá RÚV

FJÖLMIÐLAR Fjöldi fólks hefur kvartað við Ríkisútvarpið og Vodafone síðustu daga þar sem texti hefur slæðst inn í fréttir og innlenda þætti RÚV þrátt fyrir að áhorfendur séu ekki með stillt á síðu 888 í Textavarpinu.

Samkvæmt upplýsingum frá RÚV er um að ræða bilun hjá Vodafone sem gerir það að verkum að texti birtist á skjánum þrátt fyrir að ekki sé beðið um hann sérstaklega. Textinn sem birtist er stopull, dettur inn og út af skjánum og fylgir atburða-

Hvernig skal losna við texta af skjánum

- Veldu *Menu* á fjarstýringu afruglarans.
- Því næst er valið *Uppsetning*.
- Þá ertu beðin/n um að velja *Pin númer* afruglarans, sem er 0000 ef ekki er búið að breyta því sérstaklega.
- Þá kemur valmöguleikinn *Tungumál texta* og þar er valið *af*.

rás á skjánum ekki eftir. Hægt er að lagfæra þetta með nokkrum einföldum skipunum á fjarstýringu afruglarans en nánari leiðbeiningar má sjá hér að ofan.

Þessi villa í afruglaranum tengist

því ekki þeirri nýju stefnu Ríkisútvarpsins að texta allt efni fréttastofunnar en þær breytingar tóku gildi í síðustu viku og hafa mælst vel fyrir. Þær má finna á síðu 888 í Textavarpinu.

- áþ

Breytingar á þjónustu Bláa lónsins, framvegis rukkað fyrir skoðunarferðir:

Gestir bóki tíma í Bláa lónið

FERÐAÞJÓNUSTA Gestir Bláa lónsins þurfa framvegis að bóka tíma í lónið fyrirfram á vefnum. Geri þeir það ekki er hætt á að þeir komist ekki að. Þá verður rukkað fyrir skoðunarferðir um staðinn þótt viðkomandi gestir fari ekki ofan í lónið.

Þetta eru tvær ráðgerðra breytingar á þjónustu Bláa lónsins sem taka gildi í sumar.

„Við eigum von á metfjölda gesta í Bláa lónið í sumar. Lónið er hins vegar takmörkuð auðlind og með þessum breytingum viljum við standa vörð um sjálfbærni lónsins og upplifun gesta,“ segir Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Bláa lónsins og bætir við að lónið verði opið til klukkan tólf á miðnætti yfir hásumarið í stað klukkan níu að kvöldi áður.

Þá segir Magnea að breytingarnar, sem taka gildi 1. júní, verði vel



BLÁA LÓNIÐ Búist er við metfjölda gesta í Bláa lónið í sumar. Fyrir vikið verður opnunartími meðal annars lengdur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

kynntar á næstu vikum, ekki síst fyrir ferðaskrifstofum og öðrum sem skipuleggja ferðir í Bláa lónið.

Á síðasta ári lögðu tæplega 600 þúsund gestir leið sína í Bláa lónið en þar af skoðuðu 112 þúsund stað-

inn án þess að fara ofan í lónið sjálft. Frá og með 1. júní þurfa þeir gestir að greiða 10 evrur fyrir heimsóknina, um 1.600 krónur. Einni evru af tíu verður varið til uppbyggingar á ferðaþjónustu á Reykjanesi. - áþ, mþi

PÁSKATILBOÐ

Sölumenn okkar eru komnir í páskagírinn og bjóða margar gerðir af sparneytnum fjórhjóladrifnum bílum á spennandi páskatilboði



SKYNSAMLEG KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4

Disil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km***

VINSÆLASTI SPORTJEPPINN
Samkvæmt Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Disil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***



SPARNEYTINN SUBARU
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensin, beinskíptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***



SKEMMTILEGASTI KOSTURINN
Ei þú vilt góðan jeppling með öllu



NISSAN X-TRAIL – 4x4

Disil, sjálfskíptur. Verð 6.690 þús. kr.

Eyðsla: **7,1 l/100 km***



SPENNANDI TILBOÐ

Verið velkomin í reynsluakstur og látið sölumenn okkar gera ykkur spennandi tilboð í nýjan fjórhjóladrifinn bíl – fyrir páska.

Maggi
Juicy Chicken



Maggi
It's hugging good

JUICY CHICKEN

- fljótleg og einföld leið til að töfra fram safaríkan kjúkling

1. Stillið ofninn á 200°C Setjið kjúklingabita í steikarpokann sem fylgir Maggi Juicy Chicken kryddblöndunni með því að velja kryddinu yfir kjúklinginn.
2. Lokið pokanum með klemmunni um fjóra sentimetra frá opi. Dreifið kryddblöndunni með því að velja pokanum.
3. Setjið í eldfast mót neðst í ofninn. Steikið í u.þ.b. 30 mínútur.
4. Takið eldfasta mótið út og látið standa í 15 mín. Opnið pokann varlega og fjarlægjið. Berið fram með til dæmis salati og kartöflum.



Electrolux

EWP-1474TDW Þvottavél
Frábær heimilissvél frá Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði með TimeManager hraðvali

- ✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhræði
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi og kerfi fyrir viðkvæman fatnað
- ✓ 0-19 klst framstillt ræsing
- ✓ Tekur allt að 7 kíló af taui
- ✓ TimeManager tímastjórnun - þú ákveður þvottatímamann - sparaðu allt að 60% tíma
- ✓ Tímaskjár með niðurtalningu
- ✓ A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræða
- ✓ XL stór hurð - auðveld í notkun
- ✓ Verð áður kr 119.900

AAB
EINKUNN

1400
SNÚNINGA

XL
7 KG

GÁMASALA KR.
99.900
SPARAÐU 20.000



TOPPMÓDEL!

KOLALAUS MÓTOR
lengri ending - hljóðlátari

GÁMASALA KR.
159.900
SPARAÐU 30.000

AAA
EINKUNN

1600
SNÚNINGA

XL
7 KG

AEG

L-75670FL Þvottavél
Besta AEG vélin okkar með kolalausum hágæðamótor og A+++ orkunýtni. Tekur allt að 7 kíló og Protex Plus tromlu

- ✓ Mörg ný sérkerfi þ.á.m. Ull Plus, silki, gallabuxur teppi og öflugt hraðkerfi ásamt sparnaðarkerfi
- ✓ Protex Plus tromla sem lágmarkar slit og verndar viðkvæman fantað
- ✓ Kolalaus gæðamótor - endingarbetri, minna slit og hljóðlátari
- ✓ A+++/A/A einkunn fyrir orkunýtni
- ✓ XXL hurðarop - auðveld í notkun
- ✓ Stór skjár, snerittakkar og beinval
- ✓ Fullt verð kr 189.900

AAA
EINKUNN

1600
SNÚNINGA

XL
7 KG



KÁMFRITT STÁL

GÁMASALA KR.
114.900
SPARAÐU 25.000

47
DESIBIL

AAA
EINKUNN

0000

HRAD-
VAL

Electrolux

ESF-63012W Uppþvottavél
Góð uppvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Með toppplötu
- ✓ Fullt verð kr. 87.900

GÁMASALA KR.
69.900
SPARAÐU 18.000

AAA
EINKUNN

HRAD-
VAL

Electrolux

ERF-3301AOX Kælskápur
160 cm hár kælskápur með kámfríri stálhurð

- ✓ Stafrænt stjórnborð með snertitökum
- ✓ Hljóðlátur, aðeins 38 dB(A)
- ✓ HxBxD 160 x 59,5 x 62 cm
- ✓ Fullt verð kr 159.900

160
CM HÁR

320
LÍTRAR

XXL
RYMI

KÁMFRITT STÁL

KYNNINGARVERÐ KR.
129.900
SPARAÐU 30.000



175
CM HÁR

FRESH
ZONE
2-3°C
SKUFFA

GÁMASALA KR.
94.900
SPARAÐU 35.000

Electrolux

ERB-34233W Kæli- og frystiskápur
175 cm kæli- og frystiskápur með Fresh Zone kælskúfu fyrir kjöt, fisk og álegg. A+ orka

- ✓ Rúmmál kælis 223L- rúmmál frystis 92L
- ✓ HxBxD 175 x 59,5 60 cm
- ✓ Fullt verð kr. 129.900



GÁMASALA

13 GERÐIR!

TRISTAR

13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!

- ✓ Í öllum gerðum og stærðum.
- ✓ Grillpönnur, WOK pönnur, pönnukökupönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar.
- ✓ 20, 24, 28, 30 cm breiðar.
- ✓ Henta á allar gerðir af hellum, líka span.
- ✓ Tvöföld viðlöðunarfrí húðun.

50%

AFSLÁTTUR AF PÖNNUM



30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HRAÐSUBÜKÖNNUM

Mikið úrval af fallegum hraðsubükönnum frá Electrolux, Tristar og Cloer. Hvítar, svartar eða burstað stál, allar með 30% afslætti.



BLÁSTUR

0000

GÁMASALA KR.
69.900
30% AFSLÁTTUR

Electrolux

EOB-53003X ofn
Flottur ofn með tölvuklukkum og fjólkerfa blástursofni. Fingrafarfrítt burstað stál.

- ✓ 8 eldunarkerfi með blæstri, undir- og yfirhita, stóru og litlu grilli ásamt affrýstingu.
- ✓ 53 lítra ofn með léttþreinsanlegum glerjungi.
- ✓ Orkuflokkur A.
- ✓ Fullt verð kr 99.900

EcoClean

GÁMASALA KR.
119.900
SPARAÐU 30.000

BLÁSTUR

0000

LÉTT
PRÍF

TRISTAR

WF-2141 Vöflujárn
Vinsælasta vöflujárnið okkar frá upphafi. Bakar 2 hnausþykkar ekta belgískar vöflur.

- ✓ Bakar jafnt að ofan og neðan
- ✓ Hitastíllir
- ✓ Uppskriftir fylgja
- ✓ Burstað stál
- ✓ Fullt verð kr 10.990

BELGÍSKAR VÖFLUR

GÁMASALA KR.
5.990
45% AFSLÁTTUR



SIEMENS

HB23GB540 ofn
EcoClean léttþreinsikerfi - brennir upp agnir og óhreini á bakhlíð.

- ✓ Tölvuklukka með hringingu og LED
- ✓ 7 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi
- ✓ Innfellanlegir stjórnrofar.
- ✓ SoftClosing hæglökun á hurð.
- ✓ XL 62 lítra ofn í A orkuflokki.
- ✓ Fullt verð kr 149.900

BLÁSTUR

0000

LÉTT
PRÍF

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Með piparúða á slysadeild:
Ákærður fyrir
að kveikja í

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur 28 ára manni fyrir íkveikju. Honum er gefið að sök að hafa kveikt í gistiheimilinu Felli í Garðabæ 15. janúar síðastliðinn.

Samkvæmt ákærinni hellti hann bensíni úr plastbrúsa á gólfstigagang í suður- og norðurenda hússins og einnig á stigapallinn og þrjú efstu þrep stigans. Hann bar svo eld að og olli eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og eignatjón.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir vopnalagabrot með því að hafa haft piparúða í fórum sínum á slysadeild og rafbyssu á heimili sínu. - sh

Spánverji með amfetamín:
Þögull smyglari
sætir varðhaldi

LÖGREGLUMÁL Spánverji á fertugsaldri situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hann var gripinn með þrjú kíló af amfetamíni við komuna til landsins frá París í lok febrúar.


Maðurinn var stöðvaður við hefðbundið tolleftirlit í Leifsstöð og þegar tollverðir skoðuðu í töskuna hans kom amfetamínið fljótlega í ljós.

Fleiri hafa ekki verið handteknir vegna málsins og maðurinn mun lítið sem ekkert hafa látið uppi um aðdraganda þess að hann fór í ferðina eða hugsanlega vitorðsmenn. Hann hefur hlotið dóm í öðru landi fyrir fíkniefnasmygl. - sh

Stefnum hraðbyri á milljón ferðamenn að óbreyttu

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað á miklum hraða síðustu ár og nær aldrei jafn hratt og í upphafi þessa árs. Haldi ferðamönnum áfram að fjölga með sama hraða og síðustu tvö ár verða þeir 1,1 milljón árið 2015.

Próun fjölda erlendra ferðamanna



Ferðapjónustan, ekki frekar en aðrar atvinnugreinar, ræður ekki við óheftan vöxt. Hins vegar eru klárlega tækifæri á miklum vexti utan háannatímans eins og við höfum séð síðustu mánuði. Það er þar að auki nauðsynlegt til þess að arðsemin í atvinnugreininni verði ásætlanleg auk þess sem það

tryggir heilsársstörf," segir Ólöf.

Þá varar Ólöf við því að einblínt sé á heildarfjölda ferðamanna heldur eigi að skoða hann í samhengi við aðra þætti ferðapjónustunnar. „Einhver tala yfir fjölda ferðamanna á ekki að vera markmið okkar í ferðapjónustunni. Við þurfum líka að horfa til starfanna

í atvinnugreininni, teknanna sem þetta skapar, álagsins á bæði hið náttúrulega umhverfi sem flestir ferðamenn sækja í og á manngert umhverfi auk gæðanna í ferðapjónustunni," segir Ólöf og bætir við að áherslan eigi að vera á að hafa þessa hluti í lagi.

magnusl@frettabladid.is



Kynningarfundur Landsnets 2013

Samfélagslegt hlutverk og rekstrarumhverfi

Landsnet býður til kynningarfundar um samfélagslegt hlutverk og rekstrarumhverfi fyrirtækisins á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð (salur H-I), þriðjudaginn 19. mars kl. 9:00-12:00.

Boðið er upp á morgunhressingu frá kl. 8:30.

Skráning á kynningarfundinn fer fram á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is eða í síma 563 9430.

Allir velkomnir!



Dagskrá:

Samfélagslegt hlutverk

Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets.

Öruggur rekstur og umhverfi

Þóroddur Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

Hver er ávinningur trausts flutningskerfis?

Guðmundi Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

Er veðurfar að breytast?

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

Fundarstjóri:

Þorgeir J. Andrússon, skrifstofustjóri Landsnets.

EFTIRSÓTT VARA Á EKKI AÐ ÞURFA STÆRRA LAGERPLÁSS.

ÞAÐ TEKUR ENGA STUND AÐ FÁ MEIRA MEÐ FLUGFRAKT.

Sumar vörur eru einfaldlega vinsælli en aðrar. Þegar þær hverfa hratt úr hillunum er gott að vita af því að ný sending með Icelandair Cargo getur borist til þín á allt frá aðeins einum sólarhring.

Á hverjum einasta degi þjónum við hjá Icelandair Cargo íslenskum inn- og útflytjendum til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR
CARGO 



Ótvíræður sigurvegari

Á bílasýningunni í Genf var tilkynnt að nýr Volkswagen Golf hafi verið valinn bíll ársins 2013 í Evrópu. Niðurstaðan í valinu var afgerandi að þessu sinni en nýr Golf fékk 414 stig í fyrsta sæti. Til samanburðar fékk billinn sem var í öðru sæti 202 stig og er því um yfirburðasigur Golf að ræða. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að Volkswagen Golf hefði náð framúrskarandi útkomu í reynsluakstri og: „Hann er nútímalegur með mikil gæði og öryggi ásamt framúrskarandi aksturseginnleikum.“



**Volkswagen Golf kostar frá
3.490.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Nýr Golf. Bíll ársins í Evrópu.



Komdu við í HEKLU og
reynsluaktu Volkswagen Golf



Das Auto.

Af hverju getur barn ekki átt tvö lögheimili?

Löggjöf úr takti við veruleikann

Einstæður faðir, Matthías Freyr Matthíasson, gagnrýndi í samtali við helgarblað Fréttablaðsins það fyrirkomulag að börn foreldra, sem hafa slitið samvistum, geti eingöngu átt lögheimili hjá öðru foreldrinu, jafnvel þótt barnið dveljist jafnmikið hjá báðum.

„Það stakk mig í föðurhartað að sjá það í þjóðskrá að dóttir mín er ekki hluti af minni fjölskyldu, heldur er hún eingöngu hluti af fjölskyldu móður sinnar. Mér finnst það alveg fátíttlegt,“ segir Matthías. Hann bendir jafnframt á að samkvæmt lögum fær foreldrið sem lögheimilið er skráð hjá barnabætur, meðlag frá hinu foreldrinu, hærri húsaleigubætur og hærri námslán, jafnvel þótt ábyrgðinni á barninu sé jafnt skipt. Matthías kallar eftir því að barn geti verið með skráð lögheimili hjá báðum foreldrum.

Í þjóðskránni hafa einstæðar mæður með börn löngum verið miklu fleiri en einstæðir fedur. Þó hafa hlutföllin breytt feðrunum í hag; fyrir fimmtán árum voru einstæðar mæður skráðar fjórtán sinnum fleiri en fedurnir, en í upphafi þessa árs voru þær skráðar tíu sinnum fleiri.

Þessar tölur fela þó þá þróun, sem átt hefur sér stað undanfarin tuttugu ár. Foreldrar sem slíta samvistum semja nú í meira en 85% tilvika um sameiginlega forsjá. Samkvæmt könnun sem gerð var á högum barna fráskilinna foreldra árið 2008 bjó fjórðungur jafnt hjá báðum foreldrum og gera má ráð fyrir að hlutfallið hafi heldur hækkað síðan.

Löggjöfin tekur ekki mið af þessum breytta veruleika. Tilraunir til að breyta lögunum undanfarin ár hafa runnið út í sandinn. Nefnd velferðarráðherra um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, sem skilaði skýrslu árið 2009, þríklofnaði í afstöðu sinni til spurningarinnar um tvöfalt lögheimili barna. Meirihluti nefndarinnar vildi fela annarri nefnd á vegum dómsmálaráðherra, sem undirbjó breytingar á barnalögum, að taka á málinu.

Sú nefnd taldi „flestar rök mæla gegn því“ að barn gæti átt tvö lögheimili, enda væri hvergi á Norðurlöndum gert ráð fyrir því. Nefndin benti á að skráning lögheimilis hefði margvísleg réttaráhrif, til dæmis varðandi skyldur sveitarfélaga til að veita velferðarþjónustu, og breytingin væri því of flókin.

Hvað það varðar að opinber stuðningur renni eingöngu til lögheimilisforeldrisins benti nefndin á að foreldrar gætu ákveðið að eigin frumkvæði að skipta slíkum greiðslum með sér og vildi „breyta frekar sér lögum í einstaka tilvikum í þá veru að taka tillit til barnsins og stöðu beggja foreldra ef rétt þykir að taka tillit til þess tíma sem barn dvelur í umgengni“. Niðurstaðan varð sú að gera enga breytingu hvað þetta varðaði – ekki heldur á öðrum sér lögum – og Alþingi lét þar við sitja.

Ekki verður annað séð en að löggjafinn hafi með þessu gefið upp fyrir því verkefni að láta löggjöfina endurspeglja hina raunverulegu þróun og ýta frekar undir hana. Því að það er tvímæla laust jákvætt að báðir foreldrar axli jafna ábyrgð á uppeldi barna, líka eftir skilnað eða sambúðarslit. Það er einn þáttur í að koma á raunverulegu kynjajafnrétti á öllum sviðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

www.lifland.is



Fermingargjöfin fæst í Liflandi

Lifland hefur að bjóða fráberar gjafir fyrir æsku landsins.

Vandaðar og notadrjúgar flikur með klassísku sniði.

Fatnaður fyrir unga hestamenn, beisli, hnakkar og aukahlutir í úrvali.



Lifland verslun Reykjavík | Lynghálslí 3
110 Reykjavík | sími 540 1125

Lifland verslun Akureyri | Lönsbakka 601
Akureyri | sími 540 1150

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fyrirhrunsrök

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er harður andstæðingur þess að flytja flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni. Málið er umdeilt, sumir telja flugvöllinn nýstast best þar sem hann er, til dæmis í tengslum við sjúkraflug, og telja það rétt allra landsmanna að geta lent í miðborg Reykjavíkur.

Aðrir telja hins vegar að landið sem undir flugvöllinum liggur sé allt of verðmætt til að sóa í flugvöll, það sé umhverfinu í hag að þetta byggð og byggja á svæðinu. Ögmundur hefur því gætt notað ýmis rök fyrir afstöðu sinni gegn

flutningi, en kaus að grípa til þess að hugmyndir um að færa flugvöllinn bæru keim af fyrirhrunsrökum.

Reductio ad Hitlerum

Þarna beitti ráðherra afbrigði af því sem nefnt hefur verið Reductio ad Hitlerum, en þá er málflutningur andstæðingsins spyrstur við Hitler og öll vopn slegin úr höndunum á honum. Ögmundur hefur slegið á öll rök þeirra sem vilja þetta byggð, draga úr umferð og auka vistvænar samgöngur í þéttari borg – nokkuð sem VG ætti að vera fylgjandi – og sagt allt þetta vera fyrirhrunsrök. Lélegt málfundatrix það.



Óþægilegur ósannleikur

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur nú stökkið formanni sínum, Arna Páli Arnasyni, til varnar í stjórnarskrármálinu. Segir hann Arna Pál aðeins hafa sagt óþægilegan sannleika varðandi málið, sem er vissulega satt og rétt. Hverjum mátti vera ljóst að stjórnarskrármálið var komið í öngstræti.

Hins vegar gleymir Björgvin því að Arnar Páll sagði, þegar hann kynnti hugmyndir sínar, að um þær væri samstaða í Samfylkingunni. Það reyndist ekki sannleikur, ekki einu sinni hálf-sannleikur, þar sem vissir þingmenn voru ósattir við málið.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hvers konar vitleysa er í gangi?

STARFS DAGAR



Ásdís Ólafsdóttir
Íþróttakennari

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á 1.071 fundi sínum að allir skólar og leikskólar í Kópavogi skulu hafa sömu starfsdaga næsta vetur. Hvers konar vitleysa er í gangi?

Í fyrsta lagi stendur í 29. grein grunnskólalaga að skólanámskrá og starfsáætlun séu í ábyrgð skólastjóra í samráði við kennara. Skólanefndin á því að staðfesta það sem skólastjórar og kennarar ákveða en ekki öfugt og sjá hvort farið sé eftir grunnskólalögum.

Bæjarstjórnin í Kópavogi hefur greinilega ekki hugsað málið til enda. Ætlast þeir til þess að kennarar og leikskólakennarar, sem eiga börn í leikskólum bæjarins, taki börnin með sér í vinnuna á starfsdögum skólanna? Ætlar bæjarstjórnin kannski að sjá um pössun á meðan?

Bæjarstjórnin gerir kannski ekki ráð fyrir því að grunn- og leikskólakennarar eigi börn í vistun á leikskólum bæjarins?

Væri ekki réttara að hver og einn skóli/leikskóli ákveði sína starfsdaga eftir þörfum eins og stendur í lögnum?

Áherslur eru nefnilega mjög mismunandi eftir skólum/leikskólum hvenær hentugast er að taka starfsdagana og það kæmi líka í veg fyrir árekstra.

→ Ætlast þeir til þess að kennarar og leikskólakennarar, sem eiga börn í leikskólum bæjarins, taki börnin með sér í vinnuna á starfsdögum skólanna? Ætlar bæjarstjórnin kannski að sjá um pössun á meðan?

Kópavogsbær hefur hingað til státt að sig af sjálfstæðum skólum en þessi ákvörðun bæjarstjórnar virðist vera skref í þveröfuga átt.

Ef þetta á að ganga eftir þá hvet ég alla grunn- og leikskólakennara til þess að vera heima ef þeir eiga börn á leikskólum því ekki koma þeir með börnin í vinnuna á starfsdegi.

Ég velti því líka fyrir mér hvað kemur næst?

Skyldi bæjarstjórn líka vilja ákveða hvenær við fáum matartíma?

Væri ekki viturlegra fyrir bæjarstjórnina í Kópavogi að láta okkur fagfólki sjá um skólamálin og huga frekar að uppbyggingu bæjarins á öðrum sviðum á meðan?

Raddir vorsins þagna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Frétt síðustu viku var engin frétt. Og kannski var fréttin einmitt sú – að þetta þætti frétt: Lagarfljót er að deyja. Heilt lífríki, einkennileg blanda af fljóti og vatni, með sínum sérkennilegu litbrigðum; einstök náttúru-smíði sem vitnaði um sérstakt vatnafar í sérstæðu landi.

Að skapa sér nafn í heiminum

Dæmið um Aral-vatn í Rússlandi og dauða þess af manna völdum er alræmt víða um jörð, og hefur orðið táknmynd um skammsýni gráðugra manna í umgengni við náttúruna. En Rússarnir vissu varla hvað myndi hljótast af þeirra brótti: það vissu aftur á móti Íslendingar mætavel þegar þeir hófust handa. Íslenskir ráðamenn ákváðu að fórna Lagarfljóti og lífríki þess fyrir hagvöxt og atvinnuuppbyggingu sem ekki sist hefur byggst á innfluttu vinnuafli sem starfar á nokkurra vikna vöktum og fer svo heim til sín, líkt og gert er á olíubor-pöllum – og skal í sjálfu sér ekki lastað, nema slíkir verkamenn eru hér til að vinna og sofa en lifa lífi sínu annars staðar.

Íslendingar þrá það jafnan að skapa sér nafn erlendis. Kannski að okkur takist að slá út Rússa í mengunarfrægd.

Það lá strax fyrir að Lagarfljót myndi deyja yrði ráðist í Kárahnjúkavirkjun en vegna örrar bráðunar í Vatnajökli gerist það hraðar en gert var ráð fyrir. Náttúrufræðingar höfðu bent á að það myndi gerast við hina stórfelldu vatnaflutninga, og sú var ein meginástæða þess að Skipulagsstofnun lagðist gegn Kárahnjúkavirkjun, en þeim úrskurði var snúið við með lagaklækjum ríkisstjórnarinnar. Umfram allt: ekki skyldi hlustað á náttúrufræðinga, þá örmu stétt. Með gamalkunnu samblandi af hótunum, gýlgjöfum og lofordum tókst að koma þeirri hugmynd inn hjá fólki þar eystra að þetta yrði kannski ekki svo slæmt: það myndu koma „mótvægisáðgerðir“ og vega upp á móti eðlisbreytingu Lagarfljótsins við að sturta í það heilli jökulsá. Og hverjar eru mótvægisáðgerðirnar? Tuttugu tómar blokkir á Egilsstöðum. Með myglusveppi.

Náttúruvernd er mannvernd

„Ég spurði um lóminn, sem er nú rödd vorsins fyrir mér. Lómurinn kemur til með að nánast fara sögðu þeir.“ Þetta er haft eftir Gunnari Jónssyni, formanni bæjarráðs Fljótsdals-héraðs í Fréttablaðinu þann 12. mars, þar sem hann tjáir sig um ástandið á vatninu og fund heimamanna með Landsvirkjun þar sem virðist hafa runnið upp fyrir mönnum ljós. Þessi orð Gunnars eru eins og minningar-grein um Lagarfljót.

Lómurinn þagnar. Og menn-

irnir missa einn strenginn sem tengir þá við jörðina og hjálpar þeim að átta sig í tilverunni. Samspiði riðlast. Maðurinn verður ringlaður og vansæll þegar hringrás tilverunnar er stífluð. Náttúruvernd er líka mannvernd – líka barátta fyrir því að maðurinn geti lifað góðu og gjöfulu lífi af landinu, fundið slátt þess í sjálfum sér.

Einn eftirlætissöngur Héraðsbúa er Hríslan og lækurinn, ljóðið hans Páls Ólafssonar sem Ingi T. setti fallett lag við. Við syngjum þetta glöð og klökk á mannamótum og hugsum um ástina og tregann en kannski líður okkur svona vel þegar við syngjum lagið vegna þess að það fjallar um jafnvægi: lækur rennur og hrísla dafnar og það er gott. „Gott áttu hrísla á grænum bala / glöðum að hlýða lækjar-nið / þið megið saman aldur ala / unnast og sjást og talast við...“ Ljóðið fjallar um það hversu gott er að vera í sínu samhengi. Það fjallar um það hversu gott er að vera í friði við umhverfi sitt, næra það og leyfa því að næra sig – leyfa því að streyma með sínum lögmálum þar sem eitt-hvað fæðist, dafnar, visnar og deyr til þess að annað fæðist, dafni, visni og deyi á meðan fuglar syngja og þegja á víxl eftir sínum lögmálum.

Íslenskir ráðamenn drápu Lagarfljót. Þeir drápu það alveg. Þar deyr eitthvað en ekkert lifnar í staðinn. Það þurfti að efla hagvöxt í landinu með því að spilla vatni – og það tókst: Hagvöxturinn eflaðist aldeilis. Hann

Íslenskir ráðamenn drápu Lagarfljót. Þeir drápu það alveg. Þar deyr eitthvað en ekkert lifnar í staðinn. Það þurfti að efla hagvöxt í landinu með því að spilla vatni – og það tókst.

eflaðist svo mjög raunar að efnahagskerfið hrundi. Og nú, þegar vinstri menn hafa náð tökum á efnahag þjóðarinnar aftur og geta farið að einbeita sér að því sem þeim þykir skemmtilegast, að rífast og stofna nýja og sífellt réttsýnni og hressari flokka, þá er buið í haginn fyrir þá sem ætla að virkja í neðri hluta Þjórsár. Hún er næst, og okkur er sagt að enginn skaði muni hljótast, mótvægisáðgerðirnar sjái til þess. Síðan snúa þeir sér að Mývatni. Það þarf nefnilega að efla hagvöxt í landinu.

Ferðamenn hafa komið hingað í síauknum mæli til að dást að ósnortnum víðáttum, hreinu vatni sem drekka má úr glöðum læk, máttugum fossum og gjöfulum ám. Þegar slíkir ferðamenn fréttu af því að Íslendingar drepi vötn til að efla sér hagvöxt er hætt við að þeir missi áhugann á að fara til fundar við slíka þjóð. Þá koma bara hingað farandverkamenn til að vinna á daginn og sofa um nætur og lifa lífi sínu annars staðar.

Farið bara í sturtu

Fyrir fáum árum var frá því sagt í heimsfréttunum að Zuma, forseti Suður-Afríku, hefði sagt við þjóð sína: „Hafið ekki áhyggjur af HIV-veirunni. Farið bara í sturtu strax á eftir og þvoið ykkur vel. Þá verður allt „í orden“.“ Og heimurinn hló. Ekki að Zuma heldur að þjóðinni, sem léti ljúga slíku að sér.

Sigmundur Davíð heitir maður uppi á Íslandi. Hann segir þjóðinni að hægt sé að létta af fólki skuldum, sem nema 240 milljörðum króna – nærri tvöföldum tekjum ríkisins af virðisaukaskatti – án þess að nokkur þurfi að borga. Og þjóðin trúir! Flokkur Zuma mælist stærstur í Suður Afríku. Flokkur Sigmundar Davíðs mælist stærstur á Íslandi.

Og heimurinn hlær.

Fyrir nokkrum árum var frá því sagt, að eftir tíu ára nám í íslenska grunnskólakerfinu gæti fjórðungur drengja og tíunda hver stúlka ekki lesið sér til skilnings. Eitthvað skárna en í Afríku – en ekki mikið. Ekki mjög mikið!

STJÓRN MÁL

Sighvatur Björgvinsson
fyrirverandi ráðherra

→ Farið bara í sturtu strax á eftir og þvoið ykkur vel. Þá verður allt „í orden“.

Ódýrt fyrir heimilið

Eitt verð 1.190 kr.kg

Porskhakkar	1190
Porskbítar roðlausir beinlausir	1190
Porsklök roðlaus, beinlaus	1190
Porskur í raspi	1190
Rauðsprettubítar roðlaus/beinlaus	1190
Rauðspretturéttur með ítalskri kryddblöndu	1190
Porskgúllas í Karrí kókós	1190
Porskgúllas í Sinnep og Graslauksósu	1190
Porskgúllas í Hunangs Dion	1190
Porskgúllas í Humarsósu	1190
Porskbítar nætursaltaðir	1190

Rauðsprettuflök með roði

890 kr.kg

Porsklök með roði

890 kr.kg

Fiskfars

590 kr.kg

SVART OG HVÍTT

Tilboðið gildir alla vikuna.
18. mars – 24. mars.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3



Samfélagið verður sigurvegarinn!

Það eru engin ný sannindi að í flestum keppnum sigrar einhver og það tapar einhver. En stundum þarf að taka skref til baka og velja keppninni fyrir sér hvort það þurfi endilega einhver að tapa. Rannsóknir á vettvangi afreksíþrotta segja að hugarfarið sé lykkill að árangri; ástríða, þrautseigja og skuldbinding á verkefni.

STJÓRN MÁL



Willum Þór Þórsson
fjölskylduáðir og hagræðingur, skiparar 2. sætið á lista Framsóknarflokksins í SV-kjördæmi.

→ Nú þarf ekkert minna en að hrinda af stað umbreytingarferli sem felur í sér bætt kjör heimila...

skattahækkunar og heilu atvinnugreinarnar búa við algera óvissu. Allt hefur þetta lamandi áhrif á samfélagið, heimilin halda að sér höndum og fyrirtækin hafa minna svigrúm til fjárfestinga og mannaáðninga. Í þessum kappleik tapa allir. Þetta kallast tilfinning taparans.

Til að snúa ósigri í sigur þurfum við leiðandi afl, sem hefur hið sanna hugarfar. Afl sem hikor ekki við að taka ákvarðanir, hefur vilja til að takast á við breytingar og umfram allt hefur kjark og dug til þess að koma á umbreytingum. Til þess að framfylgja breytingum og ná þeim árangri sem stefnt er að þarf að koma til þrautseigja og skuldbinding á verkefni, þeir lykilkættir sem rannsóknir sýna að þurfi til í leitinni að árangri. Í samfélaginu er ákall um slíka forystu.

Fyrir skemmstu unnum við öll mikilvægan sigur í Icesave-málinu. Sá sigur vannst fyrir slíkan dugnad, forystu dugandi fólks, skuldbindingu á verkefni, þrautseigju og ástríðu fyrir hagsmunum þjóðar.

Nú þarf ekkert minna en að hrinda af stað umbreytingarferli sem felur í sér bætt kjör heimila og fyrirtækja. Lykilmálin eru leiðrétting á skuldum og afnám verðtryggingar. Þar er á ferðinni réttlætismál og forsenda hagvaxtaraukningar. Einfalda þarf skattkerfið og lækka skatta eins og t.d. tryggingagjald.

Munurinn á þessum kappleik og hefðbundnum íþróttakappleik er að hér, líkt og í Icesave-málinu, sigra allir. Samfélagið allt er undir og verður hinn eini sanni sigurvegari. Vinnum saman og ráðumst í breytingar.

Árangurinn mun byggja á hugarfarinu. Framsókn fyrir heimilin.

Í mínum huga eiga stjórn málin að snúast um það samfélag sem við viljum byggja upp og búa í, um þær ákvarðanir sem að því lúta og þar á enginn að þurfa að tapa.

Nú í aðdraganda kosninga munu stjórn málaflökkarnir setja fram sína stefnu, sem er til þess fallin að kynna samfélaginu þá leið sem þeir telja hyggilegast að fara. Stjórn málamenn munu etja kappi, aðallega á velli fjölmiðlanna, og reyna að koma hugmyndum sínum á framfæri í þeim tilgangi að sannfæra kjósendur, heimilin og fyrirtækin um hina „réttu leið“. Svona hef ég upplifað stjórn málin frá því ég fór að fylgjast með og upplifa þennan kappleik. Ég hreifst gjarnan af kappsfullum og mælskum stjórn málamönnum sem fóru mikinn í orðræðu, svöruðu skarplega og fimlega öllum andmælum og hljómuðu svo sannfærandi að ég trúði því að þarna væri sannleikann að finna. Þeir höfðu andstæðinginn undir.

Samfélagið í uppnámi

Þrátt fyrir misvísandi skilaboð í öllu því upplýsingaflæði sem dembið yfir okkur á prenti, á netinu og öldum ljósvakans held ég að enginn geti mælt því mót að samfélagið er í besta falli í uppnámi. Heimilin búa við stökkbreyttar skuldir, rýrnandi kaupmátt, skertar ráðstufunartekjur, sífelldar og almennar verðhækkunar, atvinnuleysi og ofan á allt það stöðugar breytingar á skattkerfinu og skattahækkunar. Fyrirtækin búa við óstöðugt efna-hagsumhverfi, skattabreytingar,

Fljótsins dreymna ró!

3.2.2.

Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa töluverð áhrif á Lagarfljót og aukið vatnsmagn í fljótinu valda hækkun vatnsyfirborðs, litur mun breytast vegna aukins svifaus í vatninu...

3.2.1

...þannig að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum áhrifum í og við Lagarfljót.

NÁTTÚRU-VERND



Steinunn Sigurðardóttir
rithöfundur

reyna að halda hlífiskildi yfir lífæð síns Héraðs, þeirri náttúruverlu og Héraðsstolti sem Fljótið er og ætti að vera. Malda þeir ekki í móinn yfir að foraðinu, Jöklu blessaðri, skuli veitt milli vatnssvíða, sem er skýrt lög-brot og siðlaust með öllu.

Gróðri og náttúruverlu-um verður drekk, dýra- og fuglalífi raskað, leirfok spillir lífsgæðum á Héraði um ókoma tíð. Lagarfljót breytist úr dulúðugu vatnsfalli í drullu-poll. Ekki þarf skyggigáfu til að sjá að Austfirðingar verða lagðir í einelti þegar fram líða stundir fyrir að heimita þennan skerf þjóðareignarinnar með offorsi.“

Að eilífu sokkið

Ég þurfti ekki heldur skyggigáfu til að skrifa eftirfarandi klausur þegar ég fór um Hérað á leið í Kárahnjúkalandið sem nú er að eilífu sokkið í leðu. Tímminn var ágúst 2006 og þetta var einn af síðustu gönguhópunum sem fengu að sjá hálendið sem er hvergi annars staðar til, með blómgróðri, fossum, gljúfrum, fuglum... undir ógleymanlegri leiðsögn Óskar Vilhjálmssdóttur og Ástu Arnardóttur.

Skrifað í ágúst 2006

Það er sólarlagur á Héraði, kominn ágúst. Ég hef komið hér áður, gengið í ljósinu sem á ekki sinn líka fyrir glansandi speglunina úr Lagarfljóti. Hér hef ég dáðst að lindifurum og öðrum gersemum í Hallormsstaðaskógi, með sjálfum Sigurði Blöndal, gíst á Eiðum. Ég á ekki ættir að rekja austur, hef ekki dvalist hér langdvölum, en mér kemur þetta land við – unaðlegasti hluti Íslands í blíðri grósku, ljúfri fegurð og veðursæld. Jafnvel á vetrum er gott að vera hér. Hér eru stillur, og skógurinn við fljótið, gerður af margra manna höndum, gleður augað og sálina, ekki síst í margbreytilegri vetrardýrönni.

Nú er blandinn gleði að stíga úr flugvél á Egilsstöðum, að aka um hið fagra og ljúfa Hérað, í skugga þeirrar vitneskju að sú eyðandi krumla sem engu eirir teygir sig ofan af hálendinu í þessa gróskumiklu paradís. Sú vitneskja skyggir á þennan sólarlag að birtan á Héraði er um það bil að breytast um aldur og ævi. Það á að veita leðu í litfagurt og einstakt Lagarfljót, bregða leirdulu á bjartan spegilinn, sem aldrei verður svipt af honum.

Ekki einu sinni ljósið sjálft fær að vera í friði fyrir eyðingar-

→ Það sem nú er orðið bert um lífríki Lagarfljóts og eyðilegginguna af völdum vatnagangs á bökkum fljótsins var fyrirsjáanlegt.

krumlungni. Ekki einu sinni loftið sjálft fær að vera í friði – því verður íþyngt með mengunarskýjum á Reyðarfirði og svörtum skýjum af sandi og mold sem ógnarvindar öræfanna rífa upp úr jörðinni, fyrst úr ströndum Hálsóns og flengjast svo áfram eins og refsandi vöndur um Vesturöræfi. Einnig þau dökku skýmunu teygja anga sína niður á Hérað. Getur það verið rétt sem náttúruspekingarnir á Kvískerjum í Öræfum óttast – að fyrir áfokið gæti orðið ólíft á Héraði?

Þegar jökulefjan blandast Lagarfljóti dimmir ekki aðeins á margrómuðum sumarkvöldunum á Héraði, heldur verða þau kaldari um leið og kaldara vatn kemur í fljótið. Hitastig mun lækka að meðaltali um hálfu til eina gráðu, a.m.k. á sumrin. Þá gætu menn sagt, skítt veri með sumarkvöldin, en hvað um þá sem eru að rækta? Nokkrar frostnætur til eða frá geta haft úrslitaáhrif á sprettu – gras og aðra ræktun.

Þegar jökulefjan blandast Lagarfljóti hækka vatnsborðið. Strendurnar verða ekki lengur ljósleitar og þokkalegar heldur leirkenndar. Það verður eilíf nótt í Atlavík. Indælasta smávík á landinu fer undir vatn, og lagið góða, Nótt í Atlavík, verður óskiljanlegt afkomendum okkar. Sannarlega mun enginn þeirra hafa hug á að slá tjaldi á bökkum Lagarfljóts. Ef þeir komast þá leiðar sinnar með flugi til Egilsstaða. Nú þegar kemur fyrir að ófært er á flugvöllinn vegna flóða. Hvað þá þegar vatnsborð hækka í fljótinu fyrir áhrif af vatnaflutningunum tröllslegu.

Það fór ekki úr huganum á leiðinni meðfram fegurð Lagarfljóts að bjartur liturinn á vatninu fengi ekki að halda sér. Að spegillinn yrði óhrein þegar ég kæmi aftur. Ég hugsaði mér að sjá það helst aldrei. Ég hugsaði um eyðilegginguna sem nær út yfir land og lög. Héðan í frá mundi jafnvel óviðjafnanlega ljósið hans Halldórs Laxness, sem hefst á ljóðlínunni Bláfjólú má í birkiskógnum líta hljóma eins og illyrmislegur útrúningur:

...floginn sem eingill austrá Fljótisdalshérað er ángar ljúft við Fljótsins dreymna ró...

Í spor Jóns lærða

Bók um stórbrotinn einstakling og arfleifð hans

Bókmenntafélagið gefur í apríl næstkomandi út veglega bók með fjölþættu efni um Jón „lærða“ Guðmundsson (1574–1658). Tylft höfunda varpar þar ljósi á einn sérstæðasta og fjölhæfasta einstakling siðskiptaalda sem þrátt fyrir ofsóknir og hrakninga milli landshluta skilaði ótrúlegu ævistarfi.

Jón lærði var í senn rithöfundur og skáld, kallaður „málari“ fyrir skrautleg handrit sín og myndskurð og nefndur „tannsmiður“ vegna útskurðar á hvala- og rostungstönnum. Náttúrufræðirit Jóns lærða var það fyrsta sinnar tegundar skrifað á íslensku og lækningarit hans fór víða í uppskriftum.

Bókin verður um 350 bls., ríkulega myndskreytt og henni fylgir hljómdiskur með upplestri, gamalli tónlist, vísasöng og leikþætti um Spánverjavíginn 1615. Ritstjóri er Hjörleifur Guttormsson.



Pantanir – Forkaup – Heiðurskrá

Áhugasamir geta fengið nafn sitt og maka (eða stofnunar) skráð á heiðurskrá (tabula honoraria) í minningu Jóns lærða. Senda skal nafn, kennitölu, heimili, póst- og símanúmer á hib@islandia.is eða hringja í síma 588-9060.

Verð bókarinnar til áskrifenda er kr. 4.990,- auk póstburðargjalds.

Hið íslenska bókmenntafélag • Skeifunni 3b • 108 Reykjavík • www.hib.is

Íslenska boðflennan

Gullfoss í klakaböndum og úðinn frá fossinum kastaði glitrandi ísnálum yfir allt sem fyrir var. Þó voru ekki margir á ferðinni nú í byrjun mars að berja augum fegurð eins vinsælasta ferðamannastaðar Íslands. Ég hafði skotist þarna austur með útlendingi sem ég vildi sýna náttúru Íslands. Við Gullfoss stoppuðum við í „sjoppu“ sem ég kynnti sérstaklega fyrir Skotanum að væri „séríslenskt fyrirbæri“. Þegar inn var komið tóku á móti okkur bolir merktil Eyjafjallajökli í öllum stærðum og gerðum ásamt heilum ósköpum af innlendum og erlendum minjagripum.

Ég ákvað að við myndum fá okkur nesti þarna. Í boði var fjall af samlokum, vel merktar með innihaldslýsingu – allt á ensku. Mér brá svolítið og fór að tuða við afgreiðslumanninn og sagðist vilja byrja á því að kvarta undan því að það væru bara merkingar á ensku en ekki á íslensku. Hann segir þá

FERÐA-ÞJÓNUSTA



Eydís L. Finn-bogadóttir
íslenskur ferðamaður

með brosi „excuse me?“ Ég endurtók umkvörtun mína á ensku og fékk það svar að það væri engin þörf á að merkja á íslensku þar sem aðeins 5% ferðamanna sem kæmu til þeirra væru Íslendingar.

Tuna sandwich

Ég keypti „Tuna sandwich“ og settist ásamt Skotanum sem var hugsi yfir þessu og sagði svo eins og hann væri að tala við sjálfan sig, að sennilega væri það skrítíð að sjá einungis skilti á þýsku á ferðamannastöðum í Skotlandi. Ég kinkaði kalli yfir þessu hláfmíður mín þó án þess að telja mig til íslensku-fasista né formanns föðurlandsvina.

Ég velti því fyrir mér hvernig verður umhorfs á Íslandi ef við ætlum okkur að þjóna einni milljón ferðamanna eftir örfá ár. Og skyndilega fannst mér þær þarna í sjoppunni á Gullfossi alveg vera búnir að missa það. Er ekki einmitt skemmtilegt þegar við ferð-

→ Ferðamannaíðnaðurinn á Íslandi verður að standa vörð um þá vöru sem hann er að bjóða erlendum gestum, þ.e. Ísland og allt sem því fylgir.

umst til nýrra landa að upplifa tungumálið og nýja menningu? Er ekki málið að við höldum áfram að selja útlendingum falletgustu náttúru í heimi, menningu fámennrar þjóðar og hið sérstæða tungumál íslensku? Væri þá ekki skemmtilegra fyrir útlendinga að sjá skilti merkt „Samloka með hangiketi og baunasalati“ ásamt enskri útskýringu frekar en að reyna að fela íslenskuna af því að við erum svo fá Íslendingarnir sem komum á Gullfoss? Á endanum gekk ég boðflennan út úr sjoppunni sem stoltur fulltrúi minnihlutahóps, Íslendingurinn. Ferðamannaíðnaðurinn á Íslandi verður að standa vörð um þá vöru sem hann er að bjóða erlendum gestum, þ.e. Ísland og allt sem því fylgir.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MERKTIR LYKLAR

Sumir ganga um með fjölmarga lykla á einni kippu. Til að þekkja lyklana í sundur getur verið gott að mála haus hvers og eins með mismunandi lit. Naglalakk hentar til að mynda prýðilega í það.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
Sí: 58 58 900-
www.jarngler.is



TÍMI KRYDDJURTA

KRYDD Í LÍFIÐ Sé ætlunin að rækta kryddjurtir í sumarblíðunni fram undan er kominn tími til að hefja sáningu fræja. Auður Jónsdóttir garðyrkjufraeðingur veit upp á hár hvernig best er að bera sig að í þeim efnum.

Að mörgu er að hyggja áður en sáð er fyrir kryddjurtum. „Í fyrstu þarf maður að verða sér úti um sáðmold og ræktunarlát. Ílátin þurfa að vera með afrennslisgötum og sótthreinsuð ef þau hafa verið notuð áður til að losna við svepp sem getur leynst þar,“ segir Auður og bendir á að sáðmoldin sé nauðsynleg þar sem hún sé með minni styrk af næringarefnum í sér, en of mikið af þeim er ekki gott fyrir spírur fræjanna.

Því næst er moldin vökvuð. Best er að leggja ílátin í vask eða bala með vatni þannig að moldin dragi í sig rakann. Þau eru látin standa í 10 til 15 mínútur þar til yfirborð moldarinnar er orðið rakt. Hún má þó ekki vera alveg rennandi blaut. „Ílátin eru fyllt að tveimur þriðju af mold áður en fræjunum er komið fyrir ofan í moldinni og þrýst aðeins ofan á þau. Ágætis þumalputtaregla er að hylja fræið með mold sem nemur einu sinni til tvisvar sinnum þykkt þess.“

Bil á milli fræja ætti að vera á um hálfur til einn sentímetri. „Sé of þétt sáð verða plönturnar veikbyggðari og kyrrstætt loft á milli þeirra skapar kjörað-

stæður fyrir sveppi. Yfir ílátin leggur maður svo annað hvort dagblöð eða mjólkurlitað plast á meðan fræin eru að spíra.“

Spírur fræja tekur mislangan tíma eftir tegundum, frá þremur dögum og upp í tíu eða meira. „Á spíruntíma þurfa fræin birtu en ekki sól þar sem þau geta þá hitnað of mikið. Eftir spírur er plastið eða blaðið tekið af. Nauðsynlegt er að merkja ílátin vel sé fólk með margar tegundir þar sem þær líta nánast eins út til að byrja með.“

Þegar komin eru varanleg blöð á plöntuna þarf að umpotta henni í næringarríkari mold. „Ég hvet fólk til að rækta í kerum og pottum úti á svölum og veröndum. Það þarf þó að venja plönturnar við í rölegheitum með því að setja þær út á daginn og taka inn að kvöldi,“ segir Auður og bendir fólk á að kynna sér hverja plöntu áður en haldið sé af stað. „Þær þurfa mismunandi vökvun og umhirðu sem auðvelt er að leita sér upplýsinga um.“

RÆKTAÐ HEIMA

Gott er að vera með ferskar kryddjurtir til að nota við eldamennsku. „Ég hvet fólk eindregið til að rækta kryddjurtir í kerum og pottum úti á svölum og veröndum eða bara í eldhúsinu,“ segir Auður Jónsdóttir garðyrkjufraeðingur.

■ vidir365.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

VALHÖLL

Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHIHLUTUM MED ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.
GILDIR EKKI MED ÖÐRUM TILBOÐUM.

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Blaðberinn
bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í
Skaftahlíð 24, alla virka daga
frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



BREYTTAR VENJUR „Hér er komin kynslóð fólks sem þekkir ekki þennan mat,“ segir Friðrik Sigurðsson matreiðslumeistari. MYND/GVA

LÍFIÐ ER SALTFISKUR

LOSTÆTI Þrátt fyrir að íslenskur saltfiskur sé hráefni á heimsmælikvarða neyta furðu fáir landsmenn saltfisks.

Nýlega samþykkt ríkisstjórn Íslands 20 milljóna króna framlag í markaðsáttak fyrir íslenskar saltfisk-afurðir í Suður-Evrópu en sala þeirra hefur dregist saman þar undanfarin ár vegna erfiðs efnahagsástands og harðnandi samkeppni. En þrátt fyrir að flestir séu sammála um að íslenski saltfiskurinn sé hráefni á heimsmælikvarða er neysla hans innanlands furðu lítil.

Friðrik Sigurðsson matreiðslumeistari hefur eldað saltfisk í áratugi. Hann segir marga bera ábyrgð á lítilli saltfiskneyslu okkar, þar á meðal matreiðslumenn. „Hér er komin kynslóð fólks sem þekkir ekki þennan mat. Saltfiskur er nánast ekki seldur í fiskbúðum nema upp á gamla mátann eða frosinn. Til þess að geta matbúið saltfisk verður að taka nánast allt saltið úr honum, til dæmis ef hann er steiktur eða eldaður í ofni. Svoleiðis verkaðan saltfisk fær fólk varla í fiskbúðum í dag.“

Friðrik nefnir einnig að í því flóði matreiðsluþátta sem sýndir eru í íslensku sjónvarpi sjáist nær aldrei saltfiskur. Meiri áhersla sé lögð á mat ætíðan úr öðrum heimshornum. „Við ættum að leggja meiri áherslu á það sem við erum bestir í. Við á Norðurlöndum eru haldnar matreiðslukeppnir úr staðbundnum hráefnum, til



MYND/ÚR EINKASAFNI

BACALHAU À BRAZ

Vinsæll réttur frá Portúgal úr smíðju Niels A. Guðmundssonar, starfsmanns Iceland Seafood, sem bæði er einfaldur og fjótlegur.

Útvatnaður saltfiskur
Laukur
Hvítlaukur (geirar)
Ólífulía
Steinselja
Djúpsteiktur kartöflur
eða Piknik-kartöflustrá
Egg
Ólífur
Salt og pipar

Magn af hverju eftir smekk hvers og eins. Sjóða útvatnaða saltfiskinn og steikið lauk og saxaðan hvítlauk. Fiskur er bein- og roðhreinsaður þegar soðinn og bætt út í laukinn og hætt saman. Egg þeytt og bætt út í pottinn ásamt kartöflustráum og hrætt saman. Bæta ferski steinselju í og hrærið varlega. Ólífur notaðar sem skraut og til bragðauka. Salta og pipra eftir þörfum hvers og eins.


dæmis grænmeti, kjöti og ólíkum fisktegundum. Slíkt sést varla hér á landi. Það væri tilvalin hugmynd að setja á fót alvöru saltfiskeppni hérlendis og veita góð verðlaun fyrir. Þannig fengi saltfiskurinn góða kynningu sem mynda leiða af sér meiri sölu og neyslu.“

Mikil hefð er fyrir saltfiskneyslu víða um heim, til dæmis í Suður-Evrópu, þar sem hann er eldaður í öllum útgáfum. „Hér á landi þarf fyrst og fremst meiri kynningu á hráefninu sem þarf að koma frá framleiðendum og matreiðslumönnum. Það er óneitanlega skrítið að sjá endalausar kynningar á lambakjötinu okkar sem allir þekka en sjá ekki neitt um saltfiskinn okkar sem þó er settur í sama gæðaflokk á alþjóðavettvangi.“

■ starri@365.is

BORÐAR ÞÚ RÉTT?

CrossFit
30-40-30



1.690 kr.

Culiacan

Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

Ferskar fréttir á Facebook!

Splæstu á eitt like á Fréttablaðið á Facebook og fáðu ferskustu fréttirnar á síðuna þína. Heppinn vinur Fréttablaðsins vinnur iPad.



FRÉTTABLAÐIÐ

facebook.com/frettabladid

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rætt
að leika sér

39 NÝIR HLUTIR

Hönnun 33 hönnuðir sýndu 39 hluti í Epal á Hönnunarmars. Langflestir munanna voru nýir eða nýlegir. Sýningin í Epal stendur fram á miðvikudag og því er enn tækifæri til að skoða flotta íslenska hönnun.



BLÓMAHÁLSMEN
Nýtt frá Steinunni
Völu úr línunni
Hring eftir hring.



HEIMSKAUTSBLÓMIN
Hólmfríður Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, arkitektar hjá Arkibúllunni, hönnuðu þessa fallegu diska. Diskana prýða myndir af höfnum á norðurlöndum; á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Kanada og víðar.



STAFIR
Hinn hálfíslenski hönnuður Chuck Mack er þekktur fyrir sniðuga og hagnýta hönnun úr víði. Hér er hann með fallega göngustafi.



NÝTT FRÁ TULIPOP Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir eru eigendur fyrirtækisins Tulipop en Signý hefur veg og vanda af hinum ævintýrlegu og litríku figúrum.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MÁNUDAGUR 18. MARS 2013

KASSAKERFI

& SJÓÐSVÉLAR

Kynningarblað Tölvur, snertiskjáir,
strikamerkjalesarar og prentarar



SJÁLFS- AFGREIÐSLA

Sumar verslanir hafa boðið upp á sérstaka sjálfsafgreiðslukassa. Þar geta viðskiptavinir sjálfir skannað inn vörurnar sínar og borgað án þess að fá til þess þjónustu afgreiðslufólks. Oft virkar kassinn þannig að hver hlutur er skannaður og settur í poka sem er á vigt. Tölvun greinir hlutinn og ef þyngdaraukning í pokanum passar ekki við hlutinn sem var skannaður kemur villumelding.

Yfirleitt er einn starfsmaður sem fylgist með nokkrum kössum í einu. Hann á að fylgjast með að fólk notfæri sér ekki veikleika kassanna og aðstoða ef upp koma vandamál. Að lokum borgar fólk með debet- eða kreditkort.

Á Íslandi eru ekki margar verslanir með sjálfsafgreiðslustöðvar. Slíkar er þó til að mynda að finna í IKEA.



Kort með örgjörva eru að leysa kort með segulröndum af hólmi alls staðar í heiminum og þar með breytist fyrirkomulag kortaviðskipta.

Pinnið á minnið

Flestir ættu að hafa orðið varir við að verslanir eru nú farnar að biðja fólk um að slá inn pin-númer greiðslukorta í posa við greiðslu á vöru. Greiðsluveitan heldur utan um innleiðingu á notkun örgjörva-greiðslukorta og segir Guðmundur Hallgrímsson öryggisstjóri verkefnið ganga vel. „Búið er að skipta út um 70 prósentum allra posa landsins. Þetta er flókið ferli og sum fyrirtæki þurfa meiri tíma til að aðlaga bæði hugbúnað og vélbúnað að kerfinu. Planið er auðvitað að öll fyrirtæki verði með þetta fyrirkomulag og allir noti pin-númerin við greiðslu á vöru og þjónustu,“ segir Guðmundur.

Með þessu kerfi er verið að auka öryggi notenda. „Þó svo að kortasvindl og innbrot í kassakerfi hafi ekki verið algengt hér á landi kemur þetta í veg fyrir að hægt sé að stela upplýsingum um kort. Svo þetta er eingöngu gert til að auka öryggi notenda.“

Ekki er komin nein lokadagsetning á það hvenær eða hvort það verði skylda fyrir alla að muna og nota pin-númerið. „Þetta þarf allt tölverða aðlögun. Það eru ýmsir hópar í samfélaginu sem einfaldlega geta ekki notað pin-númer af ýmsum ástæðum, til dæmis vegna minnisglapa eða fötlunar, og nauðsynlegt að taka tillit til þeirra. Eins þurfa fyrirtæki mislangan tíma til aðlögunar. Svo er alltaf einhver hluti sem tekur ekki upp nýjungar fyrr en hann er neyddur til þess,“ segir Guðmundur að lokum.

Kennitala vörunnar

Svarthvítu strikamerkin eru algeng sjón í daglegu lífi flestra Íslendinga. Samt eru ekki nema 24 ár síðan fyrsta verslunin hérlendis hóf notkun á þessari tækni en það var fyrsta Bónusverslunin sem opnaði í Skútuvogi í Reykjavík árið 1989.

Segja má að strikamerki sé nokkurs konar kennitala vörunnar og gefur það upplýsingar um uppruna hennar í formi talnakóða. Strikamerkið byggir á tvíundarkerfi þar sem aðeins eru notaðir tölustafir 1 og 0. Hvítu rákirnar merkja 0 og dökku strikin merkja 1. Ef svörtu strikin eru þykk merkir það að talan 1 kemur oft fyrir. Að sama skapi eru mörg 0 til staðar þar sem langt bil er á milli svörtu strikana.

Fyrir neðan strikamerkin eru þrettán tölur. Tvær fyrstu eru landsnúmer þess lands sem varan var framleidd í. Fimm næstu tölur vísa í dreifingaraðilann og næstu fimm tölur eru hlaupandi vörunúmer.

Lokatölurnar þrjár eru notaðar til að staðfesta að kóðinn hafi verið rétt skannaður inn.

Strikamerkin hafa marga kosti. Þau auðvelda til muna allt upplýsingaflæði frá framleiðanda vörunnar til neytenda. Strikamerkin bæta birgðastjórnun og gefa kost á sjálfvirkni í framleiðslu auk þess sem þau auðvelda rekjanleika vörunnar. Fyrir verslanir

auðvelda strikamerkin þeim að fylgjast með sölu vara og auka öryggi í afgreiðslu. Neytendur verða þeirra helst varir við hraðari afgreiðslu á kassa, þeir fá betri upplýsingar um þá vöru sem keypt er og hætta á röngu vöruverði minnkar til muna. Það eru til um 200 gerðir af strikamerkjum en sú sem við þekkjum úr verslun hérlendis er þó langútbreiddust.



Hágæða kassakerfi og sjóðsvélar hjá Optima

Optima, Vínlandsleið 6-8, sérhæfir sig í sölu á kassakerfum frá Wincor Nixdorf sem er leiðandi í sölu á sínu sviði og SAM4s-sjóðsvélum frá S-Kóreu.

WINCOR NIXDORF er þýskt gæðafyrirtæki sem hefur verið í framleiðslu og sölu á kassakerfum í hátt í 40 ár. Tækin frá Wincor Nixdorf eru framleidd með langan endingartíma í huga og eru mjög vönduð í alla staði. Fyrirtækið er leiðandi í sölu á slíkum tækjum og eru gæði og þjónusta í fyrirrúmi.

OPTIMA hefur undanfarið ár sett upp mörg kassakerfi og má þar nefna matvörukeðjuna ICELAND, ásamt smærri verslunum og stofnunum. Boðið er upp á nokkrar mismunandi útgáfur af kassakerfunum ásamt öllum fylgihlutum eins og strikamerkjalesurum, skúffum og öðru sem til þarf í uppsetningu á slíkum tækjum hjá verslunum og veitingastöðum.

OPTIMA vinnur með íslensku hugbúnaðarhús-

unum og eru þau öll með frábæran hugbúnað fyrir kassakerfi. „Við eigum í viðskiptum við mörg af fremstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins sem sett hafa upp sinn hugbúnað á Wincor Nixdorf-kassakerfin,“ segir Lúdvík Andreasson, sölustjóri hjá Optima.

„Hugbúnaðarkerfin eru misjöfn, allt frá því að vera mjög einföld upp í að bjóða birgðahald og fleira sem viðskiptavinurinn þarf á að halda í rekstrinum.“

Einnig bjóðum við SAM4s sjóðsvélar sem eru framleiddar af Samsung í Suður-Kóreu og eru þetta lipur og einföld tæki að vinna á. Einfalt er að forrita sjóðsvélararnar með heiti fyrirtækis og söluvörum og aðstoðum við viðskiptavini okkar með slíka forritun og merkingar,“ segir Lúdvík enn fremur. Frekari upplýsingar á www.optima.is eða í síma 588-9000.



Lúdvík Andreasson, sölustjóri kassakerfa hjá Optima, og sölumennirnir Steinar Hafberg og Sigurður Kr. Sigurðsson við nýjasta kassakerfið frá Wincor Nixdorf. MYNDI/GVA

BEETLE EXPRESS-kassakerfið er á tilboðs-
verði, kr. 189.550 án vsk. Til viðbótar kemur síðan söluhugbúnaður.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s.512-5432 | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Sjóðsvélar & kassakerfi

á betra verði

www.optima.is

Hafðu samband
S. 588 9000

Fáðu tilboð

OG ÞÚ
SPARAR!



SAM4s Optima kynnir Sam4s sjóðsvélar
Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.
Frábært verði!

**WINCOR
NIXDORF**

Afar vönduð kassakerfi
fyrir stór sem smá fyrirtæki
Hafðu samband við sölumenn
Ársvextir skv. vaxtatöflu 01.02.13: Vextir eru stighækkandi eftir innistæðu.

Fáðu nánari upplýsingar um Vaxtaþrep 30 dagar í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Grái fiðringurinn fer Grant vel

TÓNLIST ★★★★★

John Grant
útgáfutónleikar Pale Green Ghost
SILFURBERG - HÖRPU



JOHN GRANT Átti frábæra tónleika í Silfurbergi Hörpu á laugardaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/MUMMI LÚ

Um miðbik útgáfutónleika Johns Grant í Hörpu á laugardaginn var sýndi hann áhorfendum nýja strigaskó sem hann hafði verið að kaupa sér. Á sinni ágætu íslensku sagði hann áhorfendum að líklega væri hann kominn með gráa fiðringinn. Bætti svo við að lýsingin á því ástandi sem miðaldra menn ganga stundum í gegnum sé miklu fallegri á íslensku en ensku. Gray tinkle, eins og vinur Grants orðaði það, hljómar vissulega betur en midlife crisis.

Að vissu leyti má segja að John Grant sé kominn með gráa fiðringinn í tónlistarsköpun sinni. Á nýju plötunni, Pale Green Ghost, leitast hann í það minnsta á töluvert önnur mið en á síðustu plötu, hinni frábæru Queen of Denmark. Nýja platan er unnin í samstarfi við Birgi Þórarinnsson, Bigga Veiru úr Gus Gus, og það er óhætt að segja að hann setji sterkan svip á hana með hljóðheimi sínum.

Grant hóf tónleikana á rólegri lögum plötunnar en gaf svo í með lögum á borð við GMF (Greatest mother fucker), titillaginu Pale green ghost og Black belt. Uppbyggingin var úthugsuð og bjó til frábæra stemningu meðal áhorfenda. Það fer ekki fram hjá neinum að tvö síðastnefndu lög eru beint

úr smíðju Gus Gus. Hvert frábæra lagið rak svo annað, meðal annars Sensitive new age guy, sem fjallar um vin Grants sem framdi sjálfsmorð fyrir um ári síðan. Uppklappslöginn voru heldur ekki af verri endanum, I wanna go to Marz og Queen of Denmark, sem hljómsveitin flutti af ótrúlegum krafti. Frábær endir á frábærum tónleikum.

Hljómsveitin sem var Grant til halds og trausts á laugardaginn stóð sig með eindæmum vel. Ekki oft sem maður upplifir svo ótrúlega þetta sveit. Það sem stóð hins vegar upp úr var söngur Grants og var sérstaklega gaman að sjá hann syngja áðurnefnt Sensitive new age guy, þar sem hann sýnir á sér algjörlega nýja hlið.

John Grant hélt tónleika í Austurbæ fyrir tæpu ári þar sem hann lék meðal annars nokkur lög af nýju

plötunni. Þá átti hann á köflum erfitt með að kynna lögin, sagði sögunnar á bak við þau og felldi tár, enda eru lögin hans, eins og svo oft áður, uppgjör við fortíðina.

Að þessu sinni sagði Grant þó færri sögur en var jafn einlægur og alltaf. Þannig hreif hann áhorfendur með, kynnti lögin stundum á íslensku og svaraði köllum einstaka áhorfanda úr sal.

Það er erfitt að fylgja eftir jafn frábærri plötu og Queen of Denmark var. Grant gerir það þó mjög vel á Pale Green Ghost og sama má segja um útgáfutónleikana. Grái fiðringurinn fer honum bara ansi vel.

Kristján Hjálmarsson

NIÐURSTAÐA: Frábærir útgáfutónleikar, með þétri hljómsveit og ótrúlega einlægum og góðum söngvara.

Harlem shake-inn vinsæll

Ísbúðin býður upp á nýja tegund af sjeik sem ber nafnið Harlem Shake.

„Þetta er alveg nýr sjeik. Maður bjóst eiginlega ekki við því að hann gæti verið bragðgóður fyrr en maður smakkaði hann. Þeir sem hafa smakkað hann segja allir það sama; að hann sé ótrúlega góður,“ segir Sófus Gústavsson, eigandi Ísbúðarinnar. Þar fæst nú sjeik sem ber nafnið Harlem shake eftir samnefndu netfyrirbæri.

Sjeikinn er blanda af banana- og karamellubragði með svolitlu af bláu krapi ofan á. Að sögn Sófúsar er hann gríðarlega vinsæll meðal yngra fólks. „Sjeikinn dalaði í vinsældum þegar bragðarefurinn kom fram á sjónarsviðið, en nú er hann farinn að ryðja sér aftur til rúms,“ segir hann.

Sófus segir að sjeikinn verði áfram fáanlegur þó að vinsældir samnefnds netfyrirbærar hafi dalað. „Hann verður áfram í boði hjá okkur, það gæti þó vel verið að hann fái nýtt nafn í framtíðinni.“

-sm



HARLEM SHAKE Sófus Gústavsson, eigandi Ísbúðarinnar, segir Harlem Shake vera mjög góðan á bragðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Harlem Shake-myndbönd hafa farið eins og eldur í sinu um netheima undanfarnar vikur. Myndböndin byrja öll eins; ein manneskja sést dansa við lagið Harlem Shake með Baauer, oft í grímubúningi. Á ákveðnum stað í laginu birtast svo skyndilega fleiri einstaklingar á skjánum og dansa.

Vonsvikinn með nútímann

Bobby Gillespie, söngvari bresku rokk sveitarinnar Primal Scream, hefur orðið fyrir vonbrigðum með rokk sveitir nútímans og segir þær ekki búa yfir nægilega mikilli reiði gagnvart núverandi íhaldsstjórn í landinu.

Söngvarinn segir Breta hafa brugðist í því að tileinka sér þann hugsunarhátt sem pönkið átti að gera mögulegan. „Í mínum augum var pönkið meira en nokkrar smáskífur og minningar um að sjá The Clash spila í Apollo,“ segir Gillespie í viðtali við Guardian og bætir við að sú upplýsta og fordómalaus kynslóð sem hann vonaði að sprytti upp úr pönkinu hefði ekki skilað sér.



BOBBY GILLESPIE Reiður, miðaldra maður.

SAMBÍÓNN Á TOPPINUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.is

FRÁ LEIKSTÍÓRANUM SEM FÆRÐI OKKUR KARLAR SEM HATA KONUR

FRÁ ÞEIM SEM FÆRÐU OKKUR ALICE IN WONDERLAND OG LEIKSTJÓRA SPIDERMAN ÞRÍLEIKSINS

COLIN FARRELL OG NOOMI RAPACE ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI MÖGNUDU SPENNUMYND

FÓR BEINT Á TOPPINUM Í USA!

TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA

3 ÓSKARSVERÐLAUN

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

R. EBERT

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

ALFABAKKA

DEAD MAN DOWN KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40

DEAD MAN DOWN VIP KL. 8 - 10:20

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 5:20

OZ: THE GREAT AND POWERFUL VIP 2D KL. 5:20

PETTA REDDAST KL. 8 - 10:20

BEAUTIFUL CREATURES KL. 8 - 10:40

FLIGHT KL. 8

WARM BODIES KL. 10:50

FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

WRECK-IT RALPH KL. 5:50

ÓSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6

KEFLAVÍK

DEAD MAN DOWN KL. 8 - 10:20

21 AND OVER KL. 10:30

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 8

FJÓLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓNUM 590.kr miðinn

EGILSHÖLL

DEAD MAN DOWN KL. 5:30 - 8 - 10:30

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 8 - 10:40

OZ: THE GREAT AND POWERFUL KL. 5:20

IDENTITY THIEF KL. 5:30 - 8 - 10:30

FLIGHT KL. 6 - (9:30 STYRKARTÁSYNING SÁÁ)

KRINGLUNNI NÚMÉRÚD SÆTI

DEAD MAN DOWN KL. 5:40 - 8 - 10:20

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40

PETTA REDDAST KL. 10:40

THIS IS 40 KL. 8

FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

MONSTERS INC. KL. 5:50

AKUREYRI

DEAD MAN DOWN KL. 8 - 10:20

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 8

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 5:20

PETTA REDDAST KL. 6

BEAUTIFUL CREATURES KL. 10:40

FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

ÓSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6

SMÁRABÍÓ

LÚXUS

MARK WAHLBERG RUSSELL CROW

BROKEN CITY

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

IDENTITY THIEF

FRÁ LEIKSTJÓRA HORROR-BOSSIS OG FRAMLEIÐANDA TED

JAGTEN

2 ÓSKARSVERÐLAUN

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR **5%**

BROKEN CITY KL. 5.30 - 8 - 10.30 **16**

BROKEN CITY LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 **16**

IDENTITY THIEF KL. 5.30 - 8 - 10.30 **12**

21 AND OVER KL. 5.50 - 8 - 10.10 **14**

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D KL. 3.40 - 5.50 **L**

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D KL. 3.40 **L**

DIE HARD 5 KL. 8 - 10.20 **16**

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS **5%**

ANNA KARENINA KL. 6 - 9 **12**

IDENTITY THIEF KL. 5.30 - 8 - 10.30 **12**

JAGTEN (THE HUNT) KL. 5.30 - 8 - 10.30 **12**

LINCOLN KL. 6 **14**

DJANGO KL. 9 **16**

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

BROKEN CITY KL. 6 - 10.20 **16**

ANNA KARENINA KL. 8 **12**

IDENTITY THIEF KL. 8 / JAGTEN (THE HUNT) KL. 6 **12**

21 AND OVER KL. 10.10 **14**

mid.is LAUGARÁS BÍÓ **5%**

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

BROKEN CITY 8, 10, 10 **16**

ANNA KARENINA 7.30 **12**

IDENTITY THIEF 10 **12**

OZ GREAT AND POWERFUL 3D 5, 8 **10**

21 AND OVER 10.30 **14**

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D 5.45 **L**

VESALINGARNIR 5 **10**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

DIE UNSICHTBARE	(12)	17:50 (ÞÝSKIR KVÍKMYNDADAGAR)
THIS AIN'T CALIFORNIA	(12)	20:00 (ÞÝSKIR KVÍKMYNDADAGAR)
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	17:50, 20:00, 22:00
KON-TIKI	(12)	22:10
FIT HOSTEL	(L)	21:30
STRIGI OG FLAUEL	(L)	20:00
KILROY: KYNNING Á NÁMI Í ÁSTRALÍU	(L)	18:00

Clooney laus og liðugur

George Clooney er laus og liðugur að nýju. Clooney var í sambandi með glímukonunni Stacy Keibler í tvö ár.

„Þau vissu að sambandið mundi ekki endast því George vill ekki giftast eða eignast börn. Stacy vill aftur á móti eignast börn í framtíðinni,“ sagði

sameiginlegur vinur parsins fyrrverandi um endalok sambandsins. Samkvæmt The Sun mun Clooney þó hafa leyst Keibler út með gjöfum, þar á meðal íbúð og skartgripum.

Á LAUSU
George Clooney er kominn aftur á markaðinn.



Á TOPPNUM Oprah Winfrey er á toppnum hjá Forbes yfir áhrifamestu stjórnurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Oprah Winfrey áhrifamest

Fjölmíðlamógúllinn Oprah Winfrey er áhrifamesta stjarnan í Bandaríkjunum annað árið í röð. Hún er í efsta sæti á lista tímaritsins Forbes og skýtur þar leikstjórunum Steven Spielberg, Martin Scorsese, Ron Howard og George Lucas ref fyrir rass. Bono, söngvari U2, og leikarinn og leikstjórinn Clint Eastwood komust einnig á listasnn.

Samkvæmt Forbes var það fyrst og fremst viðtal Winfrey við hjólréiðakappann Lance Armstrong sem tryggði henni efsta sætið. Þar játaði hann að hafa notað ólögleg lyf í íþrótt sinni.

Gomez var stressuð

Leik- og söngkonan unga, Selena Gomez, segist hafa verið á báðum áttum um hvort hún ætti að taka að sér hlutverk í kvikmyndinni Spring Breakers.

Gomez hefur hingað til fyrst og fremst verið þekkt sem Disney-stjarna, auk þess að syngja sykursæt popplög og hafa verið unnusta Justins Bieber. Í Spring Breakers, sem fjallar um fjórar ungar konur sem ákveða að ræna skyndibitastað til að fjármagna vorfríð sitt, leikur hún hins vegar kannabisreykjandi og bikini-lædda „slæma“ stelpu. „Þetta var mikil vinna og ég var stressuð! En þetta er það sem það að vera leikona gengur út á, að fá svona tækifæri,“ segir Gomez.

SELENA GOMEZ
Óðlaðist fyrst vinsældir sem Disney-stjarna.



Vill gerast barnabókahöfundur

Leikarinn Jim Carrey vill prófa nýja hluti og gefa út bók fyrir barnabarn sitt.

Gamanleikarinn Jim Carrey vill prófa eitthvað nýtt með því að gefa út sína fyrstu barnabók.


Dumb and Dumber-leikarinn fékk innblásturinn eftir að hann las sögur fyrir þriggja ára sonarson sinn, Jackson. „Stundum þegar þú ert að leika í mynd, er ekkert meira um það að segja. En það getur verið alveg himneskt þegar þú lest sögu fyrir barnið þitt,“ segir Carrey í viðtali við AP-fréttastofuna.

Ef bókinn verður að veruleika fetar leikarinn í fótspor margra

kollega sinna, þar á meðal Julie Andrews, Julianne Moore og Jamie Lee Curtis, sem hafa allar samið barnabækur.

Carrey hefur annars í nógu að snúast í kvikmyndaleiknum og því óvíst hvenær hann getur lokið við bókina. Nýjasta myndin hans er The Incredible Burt Wonderstone og á eftir henni fylgir hasarmyndin Kick-Ass 2. Tökur á langþráðu framhaldi Dumb and Dumber eru svo fyrirhugaðar einhvern tímann á næsta ári.

JIM CARREY
leikarinn hefur mikinn áhuga á að semja sína fyrstu barnabók.



NORDICPHOTOS/GETTY

 **BLÓÐBANKINN**

BRETTUM UPP ERMAR GEFUM BLÓÐ

Það tekur stutta stund að gefa blóð.

Atvinnurekendur! Auðveldum starfsfólki að gefa blóð og bjarga mannlífum.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

HOLLT OG GOTT

fyrir fjölskylduna!



15%
afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður 1798 kr. kg
Rauðsprettuflok, frosin



798 kr. kg

Fiskfars

SPORT

Líður loksins mjög vel

Gylfi Þór Sigurðsson hefur stimplað sig vel inn í lið Tottenham að undanförunu. Hann segist fyrst og fremst ánægður með að fá að spila. „Ég er kominn með gott sjálfstraust og leikæfingin er öll að koma til,“ segir Gylfi við Fréttablaðið.

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson er byrjaður að láta til sín taka hjá Tottenham eftir erfiðan fyrri hluta tímabilsins. Hann hefur reyndar komið við sögu í flestum deildarleikjum liðsins á tímabilinu en vann sér fyrst fast sæti í byrjunarliðinu með góðri innkomu gegn West Ham í lok síðasta mánaðar.

Gylfi var í byrjunarliði Tottenham í fimmta leiknum í röð þegar liðið tapaði fyrir Fulham, 1-0, í gær. Gylfi og félagar hans voru greinilega þreyttir eftir að hafa spilað í 120 mínútur gegn ítalska stórlíðinu Inter á fimmtudagskvöldið. Tottenham tryggði sér þá sæti í fjórðungsúrslitum Evrópu-deildar UEFA þrátt fyrir 4-1 tap fyrir Inter á San Siro. Tottenham mun mæta svissneska liðinu Basel í næstu umferð.

„Allir vilja spila sem mest og því hef ég verið mjög ánægður síðan ég kom inn á gegn West Ham,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið en viðtalið var tekið áður en Tottenham mætti Fulham.

„Ég er að komast í toppæfingu og það var til dæmis mjög gott að fá 120 mínútur gegn Inter. Þetta er allt á réttri leið,“ segir Gylfi.

Tók tíma að aðlagast nýju liði

Gylfi var keyptur til Tottenham í sumar eftir að hafa slegið í gegn sem lánsmaður hjá Swansea á síðari hluta síðasta tímabils. Hann segir það hafa tekið tíma að venjast nýjum aðstæðum.

„Helsti munurinn á mér í dag og í upphafi tímabilsins er að nú veit ég hvernig liðið spilar. Það tók mig engan tíma að aðlagast Swansea því ég passaði beint inn í það lið. Þannig var það ekki hjá Tottenham en nú líður mér loksins mjög vel. Ég er kominn með gott sjálfstraust og leikæfingin er öll að koma til.“

Hann segist ekki hafa verið farinn að missa von eða sjá eftir þeirri ákvörðun að fara til Tottenham. „Alls ekki. Ég var auðvitað ekki ánægður með hversu lítið ég fékk að spila en það var ekki hægt að hafna jafn stóru liði og Tottenham. Ef sénsinn kemur verður



FAGNAD Gylfi Þór og Gareth Bale fagna marki þess fyrrnefnda gegn Inter í Evrópu-deildinni fyrr í þessum mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

Allir ánægðir með Villas-Boas

Gylfi Þór er ánægður með knattspyrnustjórnann Andre Villas-Boas hjá Tottenham og segir hann ná vel til leikmanna. „Hann spjallar mikið við okkur og er góður í mannlegum samskiptum,“ segir Gylfi.

„Hann er auðvitað mjög ungur og á enn eftir að öðlast mikla reynslu en hér eru allir mjög ánægðir með hans störf. Ég er ánægður með hann,“ bætir Gylfi við.

maður að taka hann, enda aldrei að vita hvort annað eins tækifæri bjóðist í lífinu.“

Fæ að sækja inn á miðjuna

Gylfi hefur fyrst og fremst spilað á vinstri kantinum hjá Tottenham og líkar vel, þó svo að það sé ekki hans uppáhaldsstaða.

„Fyrst og fremst er ég ánægður með að fá að spila en það hefur verið gaman að fá að kljást við þetta hlutverk. Stjórninn hefur líka gefið mér ákveðið frelsi og vill að ég komi líka aðeins inn á miðjuna og sé svolítið laus, sem er gott.“

Tottenham hefur nú tapað þremur leikjum í röð í öllum keppnum eftir að hafa komist á gott skrið á nýju ári. Gylfi segir þó að það sé engin örvænting í herbúðum liðsins en Tottenham gaf eftir á lokaspretti síðasta tímabils og rétt svo missti af sæti í Meistaradeildinni.

„Ég held að flestir hér séu vel meðvitaðir um það og við erum staðráðnir í að láta það ekki gerast aftur. Það tók okkur nokkra mánuði að komast almennilega í gang en við náum vonandi að bæta fyrir það á lokasprettinum,“ segir Gylfi að lokum. eirikur@frettabladid.is

United í lykilstöðu

Manchester United jók forystu sína í fimmtán stig.

FÓTBOLTI Manchester United þurfti ekki neinn glansleik gegn Reading til að auka forystu sína á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í fimmtán stig. 1-0 sigur var nóg en United færði sér þar með tap erki-fjendanna í Manchester City gegn Everton fyrr um daginn í nyt.

„Við höfum oftast spilað vel á tímabilinu en það er ekki frammistaðan í dag sem endurspeglar þessa fimmtán stiga forystu, heldur frammistaða okkar síðustu sex mánuðina,“ sagði Alex Ferguson eftir sigur sinna manna.

Liðin í toppbaráttunni eiga flest nú leiki eftir á tímabilinu og ljóst að fátt getur komið í veg fyrir að United verði Englandsmestari í 20. sinn innan skamms, jafnvel snemma í næsta mánuði.

Chelsea skaut upp í þriðja sæti deildarinnar á kostnað Tottenham í gær. Chelsea hafði betur gegn West Ham, 2-0, þar sem Frank Lampard skoraði sitt 200. mark á ferlinum og það gegn sínu gamla félagi. Lampard kom frá West Ham til Chelsea fyrir tæpum tólf árum síðan.

„Frank er frábær leikmaður sem leggur mikið á sig á hverjum degi. Þetta er frábært afrek, sérstaklega fyrir hann. Það eru enn nokkrir leikir eftir á tímabilinu og vonandi nær hann að skora fleiri



200 MÖRK Frank Lampard fagnar marki sínu gegn West Ham í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

mörk,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Chelsea.

Tottenham tapaði á sama tíma fyrir Fulham, 1-0, þökk sé marki Dimitar Berbatov. Þetta var þriðja tap Tottenham í röð í öllum keppnum. „Við viljum gera betur,“ sagði Andre Villas-Boas. „Það er erfitt að setta sig við þessi þrjú tölur og við þurfum að finna réttu leiðina úr þessum ögöngum.“

Arsenal og Everton eru í næstu sætum á eftir en bæði lið unnu sína leiki um helgina. Liverpool datt niður í sjöunda sætið eftir tap gegn Southampton. -esá

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

EVERTON - MANCHESTER CITY	2-0
1-0 Leon Osman (32.), 2-0 Nikica Jelavic (93.).	
ASTON VILLA - QPR	3-2
0-1 Jermaine Jenas (23.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (45+3.), 2-1 Andreas Weimann (59.), 2-2 Andros Townsend (73.), 3-2 Christian Benteke (81.).	
SOUTHAMPTON - LIVERPOOL	3-1
1-0 Morgan Schneiderlin (6.), 2-0 Rickie Lambert (33.), 2-1 Philippe Coutinho (45+1.), 3-2 Jay Rodriguez (80.).	
STOKE - WEST BROM	0-0
SWANSEA - ARSENAL	0-2
0-1 Nacho Monreal (74.), 0-2 Gervinho (91.).	
MANCHESTER UNITED - READING	1-0
1-0 Wayne Rooney (21.).	
SUNDERLAND - NORWICH	1-1
0-1 Wesley Hoolahan (26.), 1-1 Craig Gardner, víti (40.).	
TOTTENHAM - FULHAM	0-1
0-1 Dimitar Berbatov (52.).	
CHELSEA - WEST HAM	2-0
1-0 Frank Lampard (19.), 2-0 Eden Hazard (50.).	
WIGAN - NEWCASTLE	2-1
1-0 Jean Beausejour (18.), 1-1 Davide Santon (72.), 2-1 Aroune Koné (90.).	

STAÐA EFSTU OG NEDSTU LIÐA

Man. United	29	24	2	3	69-31	74
Man. City	29	17	8	4	51-26	59
Chelsea	29	16	7	6	58-30	55
Tottenham	30	16	6	8	51-37	54
Arsenal	29	14	8	7	55-32	50
Everton	29	12	12	5	46-35	48
Liverpool	30	12	9	9	57-39	45
West Brom	30	13	5	12	40-38	44
—						
Aston Villa	30	7	9	14	31-56	30
Wigan	29	7	6	16	35-56	27
Reading	30	5	8	17	35-57	23
QPR	29	4	11	14	24-45	23

JÁKVÆÐUR KRAFTUR

C4 = :-)



CRÉATIVE TECHNOLOGIE

NÝR CITROËN C4 DÍSIL FRÁ 3.390.000 KR.

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, still, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.



Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Sölueld er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



ÚRSLIT

N1-DEILD KARLA

FRAM - HAUKAR 25-17 (12-9)
Fram (markahæstir): Sígurður Eggertsson 8/2 (11/2), Róbert Aron Hostert 5 (16), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (8/1).

Varin skot: Magnús Erlendsson 11/1 (27/3, 41%), Björn Viðar Björnsson 4/3 (5/3, 80%).

Haukar (markahæstir): Þórður Rafn Guðmundsson 6 (13/1), Árni Steinn Steinþórsson 2 (2).

Varin skot: Giedrius Morkunas 10/1 (26/3, 38%), Aron Rafn Eðvarðsson 6 (15, 40%).

N1-DEILD KVENNA

ÍBV - VALUR 33-22 (17-7)
Grigore Grogata 6, Drifa Þorvaldsdóttir 6 – Aðalheiður Hreinsdóttir 5.

HAUKAR - FYLKIR 31-18 (19-9)
Viktória Valdimarsdóttir 11, Marija Gedroit 7 – Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 5, Thea Sturludóttir 5.

HK - GRÓTTA 21-20 (12-10)
Brynja Magnúsdóttir 8 – Sunna María Einarssóttir 8, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 4.

FH - STJARNAN 22-26 (12-12)
Birna Í. Helgadóttir 5, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 5, Jóna M. Ragnarsdóttir 7, Esther V. Ragnarsdóttir 5.

SELFLOSS - FRAM 22-32 (11-20)
Carmen Palamaríu 7, Kristrún Steinþórsdóttir 6 – Elísabet Gunnarsdóttir 6, Marthe Sördal 5, Birna Berg Haraldsdóttir 5.

LOKASTAÐAN

Valur	20	18	0	2	644-431	36
Fram	20	18	0	2	613-400	36
ÍBV	20	15	1	4	546-437	31
Stjarnan	20	13	0	7	549-481	26
HK	20	12	1	7	499-491	25
FH	20	11	0	9	492-499	22
Gróttá	20	8	1	11	465-466	17
Haukar	20	6	0	14	463-521	12
Selfoss	20	4	0	16	427-534	8
Afturelding	20	2	1	17	374-568	5
Fylkir	20	1	0	19	354-598	2

ÚRSLITAKEPPNI

Valur - Haukar 4. apríl kl. 19.30
Fram - Gróttá 4. apríl kl. 19.30
ÍBV - FH 4. apríl kl. 19.30
Stjarnan - HK 4. apríl kl. 19.30
Tvo sigra þarf til að komast áfram í undanúrslit.

Vilji til að breyta reglunum

HSÍ og KSÍ vilja fara að fordæmi KKÍ og breyta reglugerð um félagaskipti. Erlendir knattspyrnumenn og handboltamenn geta í dag spilað með liðum hér á landi án þess að vera með atvinnu- og dvalarleyfi.

ÍPRÓTTIR Ekkert er því til fyrirstöðu að erlendir leikmenn sem eru hér á landi án tilskilinnna leyfa geti spilað með íslenskum liðum í bæði handbolta og fótbolta. Það kom í ljós í vikunni þegar upp komst um tvo leikmenn hjá ÍBV sem hafa verið hér í allan vetur án atvinnu- og dvalarleyfis. Slík leyfi þurfa allir leikmenn sem koma frá löndum utan EES-svæðisins.

Þau Ivana Mladenovic frá Serbíu og Nemanja Malovic frá Svartfjallalandi voru bæði lykilmenn í liðum ÍBV bæði í N1-deild kvenna og 1. deild karla. Mladenovic er farin úr landi en Malovic fer ekki fyrir en á morgun.

Unnur Sverrisdóttir er varaforstjóri Vinnuálastofnunar sem sér um að afgreiða atvinnuleyfi. Dvalarleyfið er afgreitt hjá Útlendingastofnun. Hún segir að þessar stofnanir hafi unnið með íþróttahreyfingunni að undanförunni til að koma í veg fyrir slíkar uppákomur. „Hér áður fyrr voru þessi mál í ágætu horfi en þetta virðist hafa skolast eitthvað til á undanförunum árum. Körfuboltinn er með þetta í fínu lagi hjá sér og það er vilji hjá HSÍ og KSÍ til að bæta úr sínum málum,“ segir Unnur.

KKÍ tók upp nýjar félagaskiptareglur um sumar en ekki er langt síðan að erlendir leikmenn voru fengnir hingað til lands með skömmum fyrirvara og spiluðu jafnvel sama dag og þeir komu til landsins. Það gefur augaleið að á þeim skamma tíma gafst ekki tími til að ganga frá þeim leyfum sem landslög gera kröfur um.

„Nú gefum við ekki út leikheimild nema að hafa fengið staðfestingu frá Útlendingastofnun um að viðkomandi sé kominn með dvalar- og atvinnuleyfi,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ. Hann segir að breytingin hafi reynst vel.

„Við vorum búnir að vinna að þessu í tvö ár og við töldum að þetta væri besta niðurstaðan svo að farið yrði eftir lögum,“ segir hann.

Útlendingastofnun gefur sér þriggja mánaða frest til að afgreiða dvalarleyfi þó svo að það sé sjaldgæft að afgreiðsla slíkra leyfa taki svo langan tíma. En Hannes segir að með nýjum reglunum hafi félag þurft að temja sér ákveðin vinnubrögð. „Félögin þurfa að vinna sína heimavinnu og sinna ákveðnum málum áður en viðkomandi leikmaður er fenginn til landsins. Og okkur finnst að heilt yfir hafi þetta gengið vel í körfuboltanum. Við vitum ekki til þess að félag hafi lent í vandræðum vegna þessa,“ segir Hannes.

Þórir Hannesson, framkvæmdastjóri KSÍ, og Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segja báðir að það sé vilji innan raða þeirra sambanda til að fara að fordæmi KKÍ. „Ég reikna með að við munum bregðast við þessu líkt og KKÍ hefur gert,“ segir Þórir en ekki hefur verið ákveðið hvort eglunum verður breytt fyrir Íslandsmótið í sumar.

„Stjórn HSÍ mun án nokkurs vafa taka þetta mál fyrir. Við viljum að sjálfsögðu að okkar aðildarfélag fari eftir landslögum,“ segir Einar. eirikur@frettabladid.is



SÁRT SAKNAÐ ÍBV missti lykilmann skömmu fyrir úrslitakeppni N1-deildar kvenna þar sem að Ivana Mladenovic var hér á landi í leyfisleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Malovic getur spilað með ÍBV í kvöld

Nemanja Malovic, markahæsti leikmaður 1. deildar karla og lykilmáður hjá toppliði ÍBV, er hér á landi án atvinnu- og dvalarleyfis. Hann hefur fengið frest hjá Útlendingastofnun til að yfirgefa landið og heldur utan í fyrramálið.

Malovic er þó með leikheimild hjá HSÍ og ekkert því til fyrirstöðu að hann spili með ÍBV gegn Stjórnunni í kvöld. Jafntefli tryggir Eyjamönnum sæti í N1-deild karla á næsta tímabili. Leikurinn hefst klukkan 18.00.



Þorrasalir 5-7 Kópavogi

Fullbúnar glæsilegar útsýnisíbúðir, 3ja-4 herbergja íbúðir.

Hús á frábærum stað í Kópavogi í göngufæri við einn glæsilegasta golfvöll landsins, sundlaug, skóla, leikskóla, apótek, matvöruverslun og íþróttahús.

Áætlaður afhendingartími í desember 2013. Íbúðunum fylgir staði í bílageymslu.



Ingólfur Ingvarsson
Sölumaður
S. 893 7806



Sigfús Aðalsteinsson
Sölustjóri
S. 898 9979




Kristbjörn Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali
S. 692 3000

Söluaðili:

MIDBAER
www.midbaer.is Fasteignasala 588 3300

Byggingaraðili:
ÁF-Hús ehf
S. 534 1600
www.afhus.is





FJÖLNIR OG TINDASTÓLL FÉLLU
Lokaumferð Domino's-deildar karla fór fram í gær og réðist þá hvaða lið féllu úr deildinni. Það kom í hlut Fjölnis og Tindastóls en miklu munaði um að KFÍ, sem var í botnsæti deildarinnar fyrir lokaumferðina, vann KR á heimavelli. Efstu átta liðin fara nú í úrslitakeppni sem hefst á fimmtudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚRSLIT

DOMINO'S-DEILD KVENNA

KR - KEFLAVÍK 93-88 (36-44, 77-77)
Shannon McCullum 38/12 frák. – Birna Valgarðsdóttir 26/9 stoðs., Pálína Gunnlaugsdóttir 24.

DOMINO'S-DEILD KARLA

SNÆFELL - NJARÐVÍK 83-79 (44-43)

Snæfell: Sigurður Á. Þorvaldsson 23, Ryan Amaroso 21/19 fráköst, Jay Threath 10, Jón Ólafur Jónsson 9, Sveinn Arnar Davíðsson 9, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7, Stefán Karel Torfason 4.

Njarðvík: Nigel Moore 28, Elvar Már Friðriksson 19, Ólafur Helgi Jónsson 16, Maciej Stanislaw Baginski 4, Marcus Van 4, Ágúst Orrason 4/4 fráköst, Hjörtur Hrafn Einarsson 2, Kristján Rúnar Sigurðsson 2.

KEFLAVÍK - ÍR 87-78 (38-44)

Keflavík: Michael Craion 27/15 fráköst, Darrel Keith Lewis 24, Billy Baptist 14/13 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 7, Valur Orri Valsson 5, Snorri Hrafnkelsson 4, Almar Guðbrandsson 2, Arnar Freyr Jónsson 2, Hafliði Brynjarsson 2.

ÍR: Eric Palm 23, Nemanja Sovic 19, Sveinbjörn Claessen 15, D'Andre Williams 8, Ellert Arnarson 6, Hjalti Friðriksson 4, Þorvaldur Hauksson 3.

TINDASTÓLL - GRINDAVÍK 91-97 (46-52)

Tindastóll: Tarick Johnson 16, Helgi Rafn Viggósson 16, Svavar Atli Birgisson 15, Drew Gibson 13, George Valentine 10, Þróstur Leó Jóhannsson 9, Hreinn Gunnar Birgisson 5, Pétur Rúnar Birgisson 5, Helgi Freyr Margeirsson 2.

Grindavík: Samuel Zeglinski 29, Aaron Broussard 27, Jóhann Árni Ólafsson 11, Þorleifur Ólafsson 9, Sigurður G. Þorsteinsson 7, Björn Brynjólfsson 6, Ryan Pettinella 5, Daníel Guðmundsson 3.

FJÖLNIR - STJARNAN 71-107 (32-65)

Fjölnir: Christopher Smith 20, Magni Hafsteinsson 13, Tómas Tómasson 8, Björgvin Hafþór Ríkhartsson 6, Arnþór Guðmundsson 6, Gunnar Ólafsson 5, Isacc Deshon Miles 5, Hreiðar Bjarki Vilhjálmsson 3, Leifur Arason 2.

Stjarnan: Brian Mills 24/14 fráköst, Justin Shouse 24, Jovan Zdravevski 16, Sæmundur Valdimarsson 11, Dagur Kár Jónsson 11, Kjartan Atli Kjartansson 9, Jarrid Frye 5, Fannar Freyr Helgason 4, Daði Lár Jónsson 3.

KFÍ - KR 89-84 (48-46)

KFÍ: Damier Erik Pitts 33, Mirko Stefan Virijevic 24, Tyrone Lorenzo Bradshaw 14, Kristján Pétur Andrésson 8, Hlynur Hreinsson 4, Jón Hrafn Baldvinsson 4, Guðmundur J. Guðmundsson 2.

KR: Kristófer Acox 14, Finnur Atli Magnusson 14, Martin Hermannsson 13, Helgi Már Magnússon 10, Brandon Richardson 10, Emil Þór Jóhannsson 8, Brynjar Þór Björnsson 8, Darshawn McClellan 5, Jón Orri Kristjánsson 2.

SKALLAGRÍMUR - ÞÓR Þ. 96-109 (26-49)

Skallagrímur: Carlos Medlock 43/9 stoðsendingar, Páll Axel Vilbergsson 23, Hörður Hreiðarsson 12, Birgir Sverrisson 6, Trausti Eiríksson 5, Davíð Ásgeirsson 4, Orri Jónsson 2, Sigmar Egilsson 1.

Þór Þ.: Guðmundur Jónsson 29, Benjamin Curtis Smith 27, David Bernard Jackson 26, Þorsteinn Már Ragnarsson 8, Emil Einarsson 6, Darrell Flake 6, Grétar Erlendsson 5, Halldór Hermannsson 2.

LOKASTAÐAN

Grindavík	22	18	4	2155-1916	36
Þór Þ.	22	16	6	2056-1903	32
Snæfell	22	16	6	2105-1912	32
Stjarnan	22	15	7	2090-1916	30
Keflavík	22	14	8	2021-1940	28
Njarðvík	22	12	10	1982-1898	24
KR	22	11	11	1900-1893	22
Skallagrímur	22	7	15	1784-1958	14
ÍR	22	6	16	1818-1967	12
KFÍ	22	6	16	1946-2172	12
Tindastóll	22	6	16	1781-1906	12
Fjölnir	22	5	17	1811-2068	10

ÚRSLITAKEPPNIN

Grindavík - Skallagrímur

Þór Þorlákshöfn - KR

Snæfell - Njarðvík

Stjarnan - Keflavík

Räikkönen klókur í Ástralíu

Finninn Kimi Räikkönen bar sigur úr bytum á fyrsta móti ársins í Formúlu 1.

FORMÚLA 1 Nýtt keppnistímabil hófst í Formúlu 1 um helgina en þá bar Kimi Räikkönen á Lotus sigur úr bytum á ástralska meistaramótinu. Hann hafði betur eftir harða baráttu við Ferrari-manninn Fernando Alonso.

Keppnisáætlun Räikkörens reyndist gera gæfumuninn en hann stoppaði aðeins tvisvar til að fá ný dekk en flestir aðrir fóru þrisvar inn á viðgerðarsvæðið.

Heimsmeistarinn Sebastian Vettel á Red Bull var á rásþól en varð að sætta sig við þriðja sætið.

Liðsfélagi hans, heimamaðurinn Mark Webber, hafnaði í sjötta sæti.

Räikkönen var sjöundi í rásröðinni en náði að vinna sig upp í fjórða sætið strax á fyrstu hringjunum. Hann náði svo að koma sér í forystu á meðan helstu keppinautar hans fóru inn á viðgerðarsvæðið.

Alonso náði forystunni aftur um tíma en sá finnski endurheimti hana þegar Alonso fór inn á viðgerðarsvæðið í þriðja sinn. „Við ákváðum að halda okkur við tvö viðgerðastopp. Það er oft erfitt í fyrstu mótum ársins að vita hve-

nær er best að stoppa en okkar áætlun reyndist hárrétt,“ sagði Räikkönen. „Ég gat sparað dekkinn og keyrt svo hratt þegar ég vildi. Þetta var í raun auðvelt og vonandi fáum við fleiri svona keppnir.“

Vettel hafði litið mjög vel út bæði á æfingum og í tímatökunum en dekkjamál urðu Red Bull-liðinu að falli í keppninni sjálfri. „Við þurfum að sinna heimavinnunni aðeins betur. Það var óraunhæft fyrir okkur að stoppa bara tvisvar í dag,“ sagði Vettel.



SIGURVEGARI Kimi Räikkönen fær gusu hjá Sebastian Vettel.

GETTY

UPPSKRIFT AÐ FERMINGU



SÚKKULAÐI-KAFFIKAKA

Þessa er hægt að gera 2 dögum áður og geyma bara í kæli.



SÚKKULAÐIMÚS MEÐ JARÐARBERJASKYRI



TORTILLA MEÐ KLETTASALATI, FETAOSTI OG RJÓMAOSTI



KJÚKLINGAVÆNGIR MEÐ GRÁÐAOSTSÍDYFU

Muna að gera nóg, hann Gústi frændi át 20 vængi í veislunni í fyrra!



Þessar uppskriftir finnur þú á gottimatinn.is, ásamt fjölda girnilegra uppskrifta fyrir fermingarveisluna. Kíktu á gottimatinn.is og finndu þína rétti fyrir veisluna.

gottimatinn.is

HEFTA HÚSDIÐ / SÍA

Egill
Arnason™

Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

+35%

35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.



30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.



Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórrí smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

™
Baltic Wood

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Wake Me Up Before You Go-Go með Wham eða Walking on Sunshine með Katrina & The Waves.“

Sigrún María Ammendrup, skrifstofustjóri tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Einbeita sér að hipphoppi og raftónlist

Útvarpsstöðin Flass færir út kvíarnar og opna tvær nýjar útvarpsstöðvar.

„Við erum vanir að vera litli aðilinn á stórum markaði og vöðum því út í þetta óhræddir,“ segir Sindri Ástmarsson, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar Flass. Á næstunni fara tvær nýjar stöðvar í loftið á þeirra vegum.

Um er að ræða stöðvarnar FlassBack, sem einbeittir sér að tónlist frá árunum 1990 og 2005, og Flass-Xtra, en þar verða hipphopp og raftónlist í aðalhlutverki. Sindri vill meina að tónlistarstefnurnar hafi hingað til verið sveltur í íslensku útvarpi. „Við viljum einbeita okkur að tónlist sem hefur ekki fengið mikið pláss hjá útvarpsstöðvum á Íslandi. Þetta þekkt úti í heimi þar sem fyrirmyndir okkar eru breska útvarpsstöðin BBC Radio 1Xtra og norska

stöðin MP3, sem er rekin af norska ríkissjónvarpinu,“ segir Sindri og bætir við að hin nýja tónlistarstefna trap, blanda af hipphoppi og raftónlist, verði einnig áberandi á stöðinni. „Við ætlum líka að gefa ungum íslenskum tónlistarmönnum pláss á stöðvunum og láta íslenska tónlist vera í aðalhlutverki.“

Sindri segir nýju stöðvarnar hafa verið í bígerð í nokkurn tíma og að búið sé að undirbúa þær vel. „Við fengum leyfið samþykkt í vikunni sem er frábært. Ég er með gott starfsfólk með mér í þessu og það verður spennandi að reka þrjár útvarpsstöðvar.“ Nánari upplýsingar um stöðvarnar er hægt að nálgast á vefsíðunni Flass.is.



TVÆR NÝJAR STÖÐVAR Sindri Ástmarsson og Karim Djermoun hjá Flass stækka við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



PÁSKATILBOÐ

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI!




Handsturtuhaus
FONTE 67 mm
VERÐ KR. 850.-



Tvöfaldur sturtubarki,
lengd 1,5m
TILBOÐ KR. 1.450.-

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

www.tengi.is
tengi@tengi.is

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050



HULLI Í SJÓN-
VARP Hugleikur
Dagsson og Anna
Svava Knútsdóttir
semja handritið
að þáttunum
um Hulla ásamt
Pormóði Dagssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hulli í Sjónvarpið

Teiknimyndabáttaröð sem byggð er á lífi listamannsins Hugleiks Dagssonar er í bígerð. Þættirnir nefnast Hulli og verða sýndir í Sjónvarpinu í haust.

„Við erum hálfnuð með þáttaröðina. Þættirnir mjakast úr okkur þessa dagana og við reynum að láta þetta líta eins vel út og við getum þó stíllinn eigi að haldast hrár,“ segir listamaðurinn Hugleikur Dagsson, sem vinnur nú hörðum höndum að gerð teiknimyndabáttaraðar. Þættirnir fjalla um líf listamannsins og verða sýndir í Sjónvarpinu í haust. Þættirnir heita Hulli og handritið skrifaði Hugleikur ásamt bróður sínum, Pormóði Dagssyni, og Önnu Svövu Knútsdóttur. Hönnun fígúranna var í höndum Lóu Hjálm-týsdóttur sem býr yfir nægilega skemmtilegri mannfyrirlitningu að sögn Hugleiks. „Ég tek hennar teikningar og geri þær að mínum. Það bjargaði mér að þurfa ekki að skapa persónurnar sjálfur, það fer svo mikil sköpunarorka í að ákveða hvernig fólk er klætt.“ Hann segir samstarfið við Önnu

Glæða Hugleik lífi

„Svona hreyfimyndagerð fylgir alltaf meiri vinna en maður ætlar í fyrstu. Við vinnum að þessu dag og nótt og allir tímar eru nýttir,“ segir Kristján Freyr Einarsson, hreyfimyndahönnuður. Hann og Friðrik Snær Friðriksson reka fyrirtækið Rammavinnslna og sjá um að glæða persónur Hugleiks lífi.

„Við vinnum þetta eins og leikið efni. Við búum til senu og klippum hana svo eins og sápuóperu. Það er óhjákvæmilegt að eitthvað endi á gólfinu í svona ferli en það er þó nauðsynlegt ef við eigum að hafa möguleikann á að geta skipt á milli sjónarhorna og fengið góðan takt í þetta,“ segir hann. Innur eftir því hvort hann og Friðrik Snær séu tilbúnir í aðra þáttaröð, verði ráðist í gerð hennar, svarar hann játandi. „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og gefandi verkefni þrátt fyrir langar vökunætur.“

Svövu og Pormóð einnig hafa gengið vel, en persóna Pormóðs leikur veigamikili hlutverk í þáttunum. „Hann er litla, veika hjartað í þáttunum,“ segir hann og bætir við: „Hans persóna er ekki jafn mikið fífl og persóna mín.“ Hugleikur kveðst stoltur af þáttunum og útilokar ekki gerð fram-

haldsþáttaraðar. „Ég væri alveg til í að leggja í aðra seríu. Ég er mjög stoltur af því sem við höfum skapað og ég er viss um að önnur þáttaröðin yrði betri en sú fyrsta. Þáttaröð tvö er alltaf betri en eitt þegar kemur að sjónvarpsþáttum,“ segir hann lokum.

sara@frettabladid.is

Miðar á Eurovision í verðlaun

Hringtorg og Stúdentakjallarinn efna til karóíkíkeppni fyrir háskólanema

„Lagleysi er hægt að vinna upp með öflugri sviðsframkomu og djörfum búningum. Annars trúir ég því nú að allir geti sungið, meira að segja ég,“ segir Hálfán Steinþórsson, framkvæmdastjóri Hringtorgs.

Hringtorg og Stúdentakjallarinn hafa nú efnt til karóíkíkeppni meðal háskólanema sem fram fer 21. mars næstkomandi og úrslitin verða 4. apríl. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en sigurvegarinn fær flug og miða fyrir þrjá á seinni undankeppni Eurovision í Svíþjóð, þar sem Eyþór Ingi stígur á svið og flytur lagið Eg á líf fyrir Íslands hönd. „Eyþór Ingi hóf sinn feril auðvitað á því að vinna keppni, Bandið hans Bubba, svo ég er viss um að sigurvegarinn úr þessari keppni verður fulltrúi okkar í Eurovision á næsta ári,“ segir Hálfán.

Keppnin fer fram í Stúdentakjallaranum og geta allir háskólanemar skráð sig til leiks þótt plássin séu takmörkuð. Hinir sem ekki þora upp á svið geta svo komið og notið úr salnum og segir Hálfán fólk mega búast við að sjá kunnuglegum andlitum bregða fyrir á sviði. Auðunn Blöndal og Pétur Jóhann sjá um að kynna keppnina og



GETUR LÍKA SUNGIÐ Hálfán segist trú á því að allir geti sungið, meira að segja hann sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

dæma hana. „Ég veit nú ekki hversu lagvissir þeir félagar eru en þeir hafa að minnsta kosti lag á því að sjá hverjir taka sig vel út á sviðinu,“ segir Hálfán að lokum.

- trs

Ferskar fréttir á Facebook!

Splæstu á eitt like á Fréttablaðið á Facebook og fáðu ferskustu fréttirnar á síðuna þína. Heppinn vinur Fréttablaðsins vinnur iPad.



FRÉTTABLAÐIÐ

facebook.com/frettabladid



EINN SMELLUR

og þú tekur stöðuna

ARION APPIÐ

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þín.

Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.

HVITA H3310/S1A - 15-1171



Skannaðu QR kóðann og sæktu appið frítt í símann þinn



 Arion banki

FRÉTTIR AF FÓLKI

Flestir á Munda

Það ríkti eftirvænting í loftinu fyrir síðustu sýningu á Reykjavík Fashion Festival sem fór fram í Hörfu á laugardaginn. Mundi átti heiðurinn af að ljúka hátíðinni en sýning hans á útvistarfatnaði í samstarfi við 66°N var sú eina sem fór fram Eldborg. Það var greinilegt að margir mættu gagnert á þá sýningu, meðal annars söngkonan **Ragnhildur Gísladóttir** sem settist á fremsta bekk. Mundi sýndi fyrst stuttmynd þar sem Tómas Lemarquis lék aðalhlutverkið en í lok myndarinnar birtist leikarinn ásamt fyrirsætum upp úr sviðinu á hlaupabretti við mikil fagnaðarlæti áhorfenda.

- áþ



Dóttirin stal senunni

Og meira af Ragnhildi en hún kom fram á árlegri hátíð Stjórnarráðsins sem fór fram í Hörfu á dögunum. **Jakob Frímagn Magnússon**, Stuðmaður og miðborgarstjóri, stýrði hátíðinni en ræðumaður kvöldsins var **Katrín Júlíusdóttir** fjármálaráðgjafi auk þess sem **Jóhanna Sigurðardóttir** steig í pontu. Það var hins vegar fimm ára dóttir Jakobs, Jarún Júlía, sem stal senunni á hátíðinni en hún söng nokkur lög við góðar undirtektir gesta. Þrátt fyrir ungan aldur er þetta í annað sinn sem Jarún kemur fram í tónlistarhúsinu en hún var opnunarnúmerið á afmælistónleikum Paul McCartney í Eldborg fyrir ári þar sem hún söng afmælistönginn við eigin undirleik.

- áþ



Mest lesið **vísir**

- 1 Leituðu án árangurs uppi á Vatnajökli eftir að hafa séð neyðarblys
- 2 Piltarnir frá Steubenville dæmdir í fangelsi fyrir nauðgun
- 3 Karlmaður á nírræðisaldri grunaður um að misnota þroskaskerta konu í fjóra áratugi
- 4 Gekk yfir Austurvöll og fótbrotnaði
- 5 Átök innan þingflokks Samfylkingarinnar – óánægja með Árna Pál

VILTU LÆRA LISTINA AÐ MUNA?



www.forlagid.is

EFNAHAGS- AÐSTOÐ!

VEGNA EFNAHAGSÁSTANDSINS OG SLÆMRAR STÖÐU KRÓNUNNAR, HEFUR KING KOIL ÁKVEÐIÐ AÐ GEFA 50% AFSLÁTT AF ÁKVEÐNUM RÚMUM Í NOKKRA DAGA.

50% AFSLÁTTUR!



VISION
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 192.501 kr.

**50% AFSLÁTTUR =
96.250 kr.**

DAWN
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 291.700 kr.

**50% AFSLÁTTUR =
145.850 kr.**

ROYAL TEXTILE-LÖK 50% AFSLÁTTUR!

Royal Textile lak á Queen size rúm
Fullt verð 7.900 kr.

3.950 kr. MED 50% AFSLÆTTI

Royal Textile lak á King Size rúm
Fullt verð 8.900 kr.

4.450 kr. MED 50% AFSLÆTTI

ROYAL TEXTILE
300 THREAD COUNT

rekkjan

HEILSURÚM